



SKÝRSLA STJÓRNAR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR SVF.

Starfstímabilið 26. maí 2024 til 31. maí 2025



NPA

**Skýrsla lög fram á aðalfundi
NPA miðstöðvarinnar
31. maí 2025**

Ljósmyndir: Ernir Eyjólfsson
og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar
Umsjón textaskrifa, grafík og umbrot: Silja
Prentun: Samskipti

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	5
Fólkið í NPA miðstöðinni	7
Stjórn NPA miðstöðvarinnar 2024-2025.....	7
Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar.....	8
Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar eftir landssvæðum, maí 2025.....	8
Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks	9
Fallnir félagar	9
Fjöldi NPA aðstoðarfólks hjá félagsfólki í maí 2025	9
Stutt yfirlit yfir starfsárið	11
Rekstur og fjárhagur NPA miðstöðvarinnar	13
Kjarni NPA miðstöðvarinnar	15
Félag fatlaðs fólks rekið án fjárhagslegra ágóðasjónarmiða	15
Hugmyndafræði NPA miðstöðvarinnar.....	15
Starfsemi NPA miðstöðvarinnar	15
Umsýsla beingreiðslusamninga	16
Þróun og uppbygging NPA miðstöðvarinnar	16
Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar	16
Hagsmunagæsla NPA miðstöðvarinnar.....	16
Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki.....	17
Alþjóðasamstarf	17
Húsnæði NPA miðstöðvarinnar.....	18
Útreikningur á jafnaðartaxta.....	18
Starfsfólk og starfsemi á skrifstofu	19
Fjöldi starfsfólks á skrifstofu.....	19
Starfsfólk skrifstofu	19
Stoðteymi.....	20
Lausráðið starfsfólk.....	21
Störf NPA ráðgjafa.....	22
Störf bókhaldsteymis og skrifstofustjóra	22
Starfsmannahald á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar	23
Fræðsla og þjónusta iðjupjálfa.....	23
STARFSÁRIÐ HJÁ NPA MIÐSTÖÐINNI 2024-2025	24
Rekstur skrifstofu	25
Skrifstofan Urðarhvarfi	25

Útibú NPA miðstöðvarinnar á Akureyri opnað	25
Kerfislausnir og tæknistjórn	25
Ráðgjöf	28
Breytingar á skipulagi ráðgjafateymis.....	28
Innleiðing Odoo kerfisins	28
Öryggisnefnd.....	28
Samskipti við ráðgjafa sveitarfélaga styrkt.....	28
Heimsóknir til félagsfólks á landsbyggðinni	29
Bókhald og launavinnsla	30
Fræðsluverkefni, námskeið og viðburðir	33
Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar.....	33
NPA námskeið á starfsárinu	33
Einkafræðsla.....	34
Fræðslu- og félagaspjall (jafningjaspjall).....	34
Kynning á NPA fyrir börn og foreldra þeirra.....	34
Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar.....	34
Fræðslunefnd NPA miðstöðvarinnar	34
Fræðsla 2025-2026 og til framtíðar	35
Fræðsla á vegum hins opinbera	35
Félagsfundir	35
Aðrir viðburðir	35
Kynningarstarf og miðlun upplýsinga	37
Vefsíða NPA miðstöðvarinnar.....	37
Verkstjórnendahandbók	37
Handbók fyrir aðstoðarfólk	38
Útsending upplýsingapósta komin í fastan farveg.....	38
NPA fréttabréfið	38
Samfélagsmiðlar	38
Kynningarstarf	39
Fjölmiðlaumfjöllun	40
Samstarfsverkefni	45
Samstarf við Norðurlöndin	45
Erindi á NNDR ráðstefnunni.....	45
Rafræn ráðstefna í samstarfi við Innovar Autismo.....	45
ENIL og Freedom Drive	46
Hagsmunagæsla og réttindamál.....	47
Kærur og málskot	47
Umsagnir um lagafrumvörp	48
Önnur hagsmunagæsla.....	50
Fjöldi NPA samninga enn undir markmiði og vilja löggjafans	51
Innleiðingarferli NPA lokið	51
Mótframlag vegna 172 NPA samninga liggur fyrir hjá Jöfnunarsjóði á árinu 2025.....	51
Skýrari reglur og rammi nauðsynlegur	51
Kjaramál	53
Kjaraviðræður og nýr kjarasamningur 2024.....	53
Viðræður um endurskoðun kjarasamnings aðstoðarfólks	54
Litið til framtíðar	55
Vöxtur NPA miðstöðvarinnar.....	55
Jafnvægi í starfseminni.....	55
Starfið framundan	55



ÁVARP FORMANNS

Kæru félagar.

Nú er enn einu starfsári NPA miðstöðvarinnar lokið og á þeim tímamótum er kjörið að staldra við og taka stöðuna bæði hjá NPA miðstöðinni og á NPA málafloknum og jafnframt líta um öxl og rifja upp helstu verkefni miðstöðvarinnar á starfsárinu.

Ég mun eingöngu stikla á stóru en ég hvet félagsfólk sem og aðra til að kynna sér innihald ársskýrslu NPA miðstöðvarinnar fyrir nýliðið starfsár. Í skýrslunni má m.a. finna ýtarlegt yfirlit yfir helstu verkefni NPA miðstöðvarinnar og skemmtilega innsýn í fjölbreytt verkefni fatlaðs fólks í samfélaginu og margt fleira.

NPA miðstöðin er samvinnufélag rekið af fötluðu fólki og er í stöðugri þróun. Eftir því sem félagsfólk og starfsfólk hefur fjölgað og á sama tíma hagsmunabaráttan ekki lengur verið eins gríðarlega krefjandi og hún var fyrstu árin, hefur smám saman skapast aukið svigrúm til að byggja upp innri starfsemi miðstöðvarinnar og undirbyggja enn betur þjónustu til félagsfólks og aðstoðarfólks, ásamt áframhaldandi þrotlausri hagsmunabaráttu fyrir NPA á Íslandi.

Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar er í dag 68 talsins og af þeim eru 66 með NPA samninga og 2 með beingreiðslusamninga. Aðstoðarfólk er ríflega 350 talsins. Áttján starfa á skrifstofunni og auk þess starfa þrír lausráðnir starfsmenn að tilfallandi verkefnum.

Á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar á þessu starfsári, setti innleiðing Odoo kerfisins og

áframhaldandi þróun verkferla hjá öllu starfsfólki skrifstofunnar, hvað stærstan svip á starfsemin. Odoo mun þegar upp er staðið skapa verulegt vinnuhagræði á skrifstofunni sem svo veitir starfsfólki aukið svigrúm til að sinna persónulegri þjónustu við félagsfólk og aðstoðarfólk af þeirri natni og alúð sem við viljum. Odoo ætti einnig að létta félagsfólki sína verkstjórn, t.d. með betra tímaskráningarkerfi og betra kerfi til ráðninga aðstoðarfólks, svo fátt eitt sé nefnt.

NPA á Íslandi stendur í dag á tíma-mótum. Formlegu innleiðingarferli NPA lauk um síðustu áramót, en þá rann út bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 um samstarf ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun NPA samninga og fjölgun þeirra í skrefum. Fyrir vikið gilda engin ákvæði um fjölda NPA samninga lengur. Ríkissjóður hefur tryggt mótframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna 172 NPA samninga á þessu ári, sem er sá fjöldi NPA samninga sem átti samkvæmt lögum, fyrst að nást árið 2022 og svo í lok síðasta árs, 2024. Framhaldið er óljóst og að mati NPA miðstöðvarinnar er brýnt að stjórnvöld útfæri reglur um NPA biðlista og fjármögnun þjónustunnar til frambúðar með það að leiðarljósi að útrýma biðlistum eftir NPA.

NPA miðstöðin hefur um árabíl, barist fyrir fjölgun NPA samninga og styttingu biðlista. Nú hefur miðstöðin spurnir af því að í stóru sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu sé fólk með samþykktu umsókn á biðlista frá árinu 2018 og að hátt í 30 einstaklingar séu á bið-

lista eftir NPA hjá sumum sveitarfélögum. Ekki liggja þó fyrir opinber gögn um fjölda fólks á biðlista eftir NPA, en skráning, ut anumhald og ferli umsókna um NPA er verulega ábótavant og brýnt að koma á sameiginlegum skráningarferfum um biðlista eftir NPA.

Fyrir vikið býr stór hópur fatlaðs fólks við skerta þjónustu og takmörkuð tækifæri til sjálfstæðs lífs. Þá eru enn dæmi um að ungu fötluðu fólki sé gert að búa á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Einnig er stöðugt sótt að þeim mikilvægu réttindum sem nú þegar eru í gildi, t.d. rétti barna til NPA og greiðslna vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks, svo fátt eitt sé nefnt. Það hefur leitt til þess að við höfum nær eingöngu verið í varnarbaráttu og því viljum við breyta á komandi misserum. NPA miðstöðin og önnur hagsmunafélög fatlaðs fólks, verða að blása til sóknar, sækja rétt fólks til persónulegrar aðstoðar og vinna að frekari framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Nánari umfjöllun um hagsmunagæslu má finna aftar í þessari ársskýrslu.

NPA miðstöðin hefur átt í farsælu samstarfi við systurfélög sín á Norðurlöndunum undangengin ár, þá fyrst og fremst í gegnum samstarfsvettvanginn Nordic Competence Centre on Personal Assistance, sem miðstöðin

er aðili að. Samstarfið hefur m.a. leitt í ljós að samtök um sjálfstætt líf eru í varnarbaráttu á öllum Norðurlöndunum en þó ekki alltaf um sömu atriðin á hverjum tíma. Af þessari sameiginlegu yfirsýn fæst hins vegar dýrmætur lærdómur sem mun nýtast okkur í áframhaldandi hagsmunagæslu.

Baráttunni er því hvergi nærri lokið og tekur líklega aldrei enda. Við missum þó ekki móðinn og skulum minnast þess hvað margt hefur áunnist. Vegna þrotlausrar baráttu fatlaðs fólks á Íslandi hafa sigrarnir verið þó nokkrir í gegnum tíðina, bæði smáir og stórir. Við vonum að ársskýrslur NPA miðstöðvarinnar muni í framtíðinni varðveita heimildir um þá.

Þann 16. júní næstkomandi mun NPA miðstöðin fagna 15 ára afmæli sínu. NPA miðstöðin var stofnuð 16. júní árið 2010 og mun halda upp á tímamótin með opnu húsi. Boð á viðburðinn verður sent út eftir aðalfund miðstöðvarinnar og við hvetjum ykkur til að koma og fagna deginum með okkur!

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
formaður NPA miðstöðvarinnar



FÓLKIÐ Í NPA MIÐSTÖÐINNI

STJÓRN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR 2024-2025

Stjórn NPA miðstöðvarinnar skipa fimm aðalmennt og þrír varamenn. Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 25. maí 2024 var Rúnar Björn Herrera Þorkelsson kosinn formaður

NPA miðstöðvarinnar. Eftirfarandi stjórnar-fólk var kjörið í stjórn og varastjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum nýkjörinnar stjórnar sem hér segir:

Aðalstjórn NPA miðstöðvarinnar



Hallgrímur
Eymundsson,
gjaldkeri.



Margrét
Sigríður
Guðmundsd.,
meðstjórnandi.



Salóme Mist
Kristjánsdóttir,
meðstjórnandi.



Þorbera
Fjölvisdóttir,
meðstjórnandi.



Þuríður Harpa
Sigurðardóttir,
fyrsti
varamaður.



Halldóra
Sigríður
Bjarnadóttir,
annar
varamaður.



Margrét Lilja
Aðalsteinsd.,
þriðji
varamaður.

Varastjórn NPA miðstöðvarinnar

Hlutverk stjórnar er að

- móta faglegt starf NPA miðstöðvarinnar sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.
- leggja línurnar í starfi miðstöðvarinnar.
- taka ákvarðanir um starfsemi félagsins og málefni á milli aðalfunda.

Framkvæmdastjóri stýrir rekstri skrifstofunnar í samræmi við áherslur stjórnar.

Fjöldi stjórnarfunda

10 FUNDIR
26. MAÍ 2024
-31. MAÍ 2025



4 FUNDIR
ÁRIÐ
2024

6 FUNDIR
ÁRIÐ
2025

FÉLAGSFÓLK NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Sjö nýir einstaklingar gengu í NPA miðstöðina á starfsárinu og í dag er félagsfólk NPA miðstöðvarinnar 68 talsins.


Þegar aðalfundur miðstöðvarinnar var haldinn í fyrra, þann 25. maí 2024, voru eigendur NPA miðstöðvarinnar 64 talsins en af þeim hætti einn hjá miðstöðinni á starfsárinu og 2 létust.

**Fjöldi félagsfólks
NPA miðstöðvarinnar í maí 2025**

68 **EINSTAKLINGAR**
ERU FÉLAGSFÓLK
Í NPA MIÐSTÖÐINN
66 MEÐ NPA SAMNING
2 MEÐ BEINGREIÐSLUSAMNING

Fyrir ári síðan, voru eigendur miðstöðvarinnar 64 talsins og af þeim var 61 með NPA samninga og 3 með beingreiðslusamninga.

FÉLAGSFÓLK NPA MIÐSTÖÐVARINNAR EFTIR LANDSSVÆÐUM MAÍ 2025



FÉLAGSFÓLK NPA MIÐSTÖÐVARINNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI SVEITARFÉLAGA VEGNA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll tilteknu þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga hvað varðar þjónustu sína við fatlað

fólk. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar skiptist niður á 11 þjónustusvæði á landinu.

Þjónustusvæði félagsfólks NPA miðstöðvarinnar

Þjónustusvæði sveitarfélags/a	Búseta félaga
Reykjavík	Reykjavík
Kópavogur	Kópavogur
Garðabær	Garðabær
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður
Þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps	Mosfellsbær
Þjónustusvæði Bergrisans: Árborg, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla	Selfoss
Ísafjarðarbær	Ísafjarðarbær
Þjónustusvæði Norðurlands eystra	Dalvíkurbyggð
Akureyri	Akureyri
Norðurþing*, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð	Þingeyjarsveit
Reykjanesbær	Reykjanesbær

*Norðurþing er skráð fyrir NPA samningnum þar sem Þingeyjarsveit er með samstarfssamning við Norðurþing um að annast málefni fatlaðs fólks fyrir Þingeyjarsveit.



Grafík: NPA miðstöðin/Silja

FALLNIR FÉLAGAR

NPA miðstöðin sá á eftir tveimur félögum á nýliðnu starfsári.

Aron Elí fæddist 6. nóvember 2018 og lést þann 7. júní síðastliðinn, þá 5 ára gamall. Aron Elí var með samning við Reykjavíkurborg og hafði verið félagi í NPA miðstöðinni síðan í apríl 2023.

Margrét Edda fæddist 19. október 1975 og lést 2. júlí síðastliðinn, þá 48 ára gömul. Margrét Edda var með samning við Reykjavíkurborg og hafði verið félagi í NPA miðstöðinni síðan í desember 2018.

NPA miðstöðin þakkar þeim Aron Elí og Margréti Eddu samfylgdina og sendir aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

FJÖLDI NPA AÐSTOÐARFÓLKS HJÁ FÉLAGSFÓLKI Í MAÍ 2025

354

EINSTAKLINGAR GEGNDU STÖÐU NPA AÐSTOÐARFÓLKS HJÁ FÉLAGSFÓLKI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR Í MISMUNANDI STARFSHLUTFÖLLUM

Á sama tíma í fyrra var aðstoðarfólkið 340 talsins.





STUTT YFIRLIT YFIR STARFSÁRIÐ

NPA á Íslandi stendur á ákveðnum tíma-
mótum. Um síðustu áramót lauk formlegu
innleiðingarferli NPA, en þá rann út bráða-
birgðaákvæði laga nr. 38/2018 um samstarf
ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun og fjölg-
un NPA samninga í áföngum. Ríkissjóður hef-
ur skuldbundið sig og gefið út að mótfram-
lagi verði veitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
til 172 samninga á árinu 2025 en líkt og komið
verður inn á síðar í skýrslunni er því miður enn
nokkuð í land með að þeim fjölda verði náð.

Samhliða fjölgun félagsfólks miðstöðvar-
innar hin síðustu ár hefur þörfin fyrir skýra
verkferla, aukna sjálfvirkni og skilvirk kerfi á
skrifstofu miðstöðvarinnar, orðið mjög brýn.
Meðal annars til að tryggja gæði og samræmi
í þjónustu við félagsfólk, minnka líkur á mis-
tökum og auka vinnuhagræði sem svo veitir
starfsfólki aukið svigrúm til að sinna persónu-
legri þjónustu við félagsfólk og aðstoðarfólk
af natni og alúð.

Á nýliðnu starfsári má segja að innleiðing
Odoo kerfisins á skrifstofu og áframhaldandi
þróun verkferla, því samhliða, hjá öllu starfs-
fólki skrifstofunnar, hafi sett hvað stærstan
svip á starfið á skrifstofunni.

Meðal helstu verkefna og nýjunga á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar á nýliðnu starfsári má nefna eftirfarandi:

- Innleiðing á kerfinu Odoo sem mun koma
í staðinn fyrir fjölda annarra kerfa sem
hafa verið í notkun hjá miðstöðinni. Odoo
kerfið er nú þegar farið að auðvelda ýmis
- störf á skrifstofunni en að innleiðingu
lokinni ætti að hafa skapast þó nokkur
vinnuhagræðing og verkferlar á öllum
sviðum orðnir skýrari.
- Innleiðing verkferla og aukin sjálfvirkni í
bókhaldi, samhliða innleiðingu Odoo og
jafnframt frekari útfærsla á NPA innsýn.
- Áframhaldandi þróun verkferla hjá
ráðgjöfum samhliða innleiðingu Odoo.
- Gerð var skipulagsbreyting hjá ráðgjafa-
teymi þar sem teymið var flatt út og
hlutverk teymisstýru lagt niður. Ráðgjafa-
teymið vinnur nú með sjálfstæðari hætti
og tekur sjálft allar helstu ákvarðanir um
skipulag teymisins.
- Áframhaldandi uppbygging á fræðslu-
námskeiðum miðstöðvarinnar og aukið
framboð á NPA námskeiðum bæði á
íslensku og ensku.
- Nýstofnuð fræðslunefnd hélt sinn fyrsta
fund haustið 2024 og ræddi m.a. breytta
uppbyggingu á námskeiðunum og endur-
gjöf um námskeiðin sem miðstöðinni
höfðu borist.
- Betrumbætt vefsíða miðstöðvarinnar sem
nú er hluti af Odoo kerfinu var sett í loftið
á vormánuðum.
- NPA miðstöðin hélt úti samfélagsmiðla-
herferð í aðdraganda Alþingiskosning-
anna í nóvember 2024, auk þess sem
miðstöðin sendi stjórn mála flokkum spurn-
ingar um NPA og birti svör flokkanna á
samfélagsmiðlum og vef miðstöðvarinnar.
- Vinna við þróun nýs áhættumats sem

NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

6 NÁMSKEIÐ FYRIR
FÉLAGSFÓLK OG
AÐSTOÐARFÓLK

3 FRÆÐSLU-
SPJÖLL FYRIR
FÉLAGSFÓLK

2 FRÆÐSLUERINDI
UTAN NPA
MIÐSTÖÐVARINNAR

FÉLAGSFUNDIR OG VIÐBURÐIR

3 FÉLAGSFUNDIR
FYRIR
FÉLAGSFÓLK



2 SKEMMTIVIÐBURÐIR
FYRIR FÉLAGSFÓLK OG
STARFSFÓLK SKRIFSTOFU

ERINDI OG RÁÐSTEFNUR

1 ERINDI
Á NNDR
RÁÐSTEFNUNNI

1 RAFRÆN RÁÐSTEFNA
Í SAMSTARFI VIÐ
INNOVAR AUTISMO



MIÐLUN UPPLÝSINGA

10 UPPLÝSINGAPÓSTAR
SENDIR TIL FÉLAGSFÓLK
OG AÐSTOÐARFÓLK

2 FRÉTTABRÉF
SEND TIL FÉLAGSFÓLK
OG AÐSTOÐARFÓLK

UMSAGNIR OG ÚRSKURÐIR

4 UMSAGNIR UM
REGLUGERÐIR
EÐA FRUMVÖRP

3 ÚRSKURÐIR FÉLLU Í MÁLUM
SEM MIÐSTÖÐIN HAFÐI LAGT FYRIR
ÚRSKURÐARNEFND VELFERÐARMÁLA

KVARTANIR OG ERINDI

1 KVÖRTUN
BEINT TIL
PERSÓNUVERNDAR



1 ERINDI SENT
TIL UMBOÐSMANNS
ALÞINGIS

Grafík: NPA miðstöðin/Silja

verður betur sniðið að hverjum og einum félaga miðstöðvarinnar, er langt á veg komin.

- Regla komst á útsendingar upplýsinga-pósta og voru 10 slíkir póstar sendir til félagsfólks og aðstoðarfólks á starfsárinu.
- Áframhaldandi þátttaka í verkefnum í alþjóðlegu samstarfi, s.s. verkefnum tengdum þátttöku í NCCPA (Nordic Competence Center on Personal Assistance) og samstarfsverkefni með portúgölsku samtökunum Inovar Autismo sem lauk með sameiginlegri rafrænni ráðstefnu.
- NPA miðstöðin hefur á nýju ári fundað

með fulltrúum Eflingar og Starfsgreina-sambandsins um endurskoðun á kjarasamningi NPA aðstoðarfólks með það að leiðarljósi að einungis verði um einn kjarasamning að ræða, í stað þriggja eins og er nú.

- NPA miðstöðin hefur áfram sinnt hagsmunagæsla fyrir fatlað fólk og fyrir rétti þess til sjálfstæðs lífs, gagnvart ríki og sveitarfélögum og veitt stjórnvöldum aðhald, t.d. með ritun umsagna við þingsályktunartillögur, frumvörp og reglugerðir ásamt því að aðstoða fatlað fólk við að leita réttar síns.



REKSTUR OG FJÁRHAGUR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Velta NPA miðstöðvarinnar á árinu 2024 voru tæpir 2,8 milljarðar á árinu, jókst um rúmlega 22% frá árinu á undan, og hafa umsvif miðstöðvarinnar aldrei verið meiri. Slíkum vexti fylgir auðvitað aukinn kostnaður svo sem vegna bókhalds og endurskoðunar en ekki síst vegna aðstoðar við umsýslu enn fleira félagfólks og aðstoðarfólks þeirra.

Hagnaður, um 17,3 milljónir kr. (0,06% af veltu ársins), varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2024, samanborið við tæplega 650 þúsund kr. hagnað árið á undan. Hagnaður

af rekstri miðstöðvarinnar verður nýttur, ásamt handbæru fé, til þess að efla þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA miðstöðvarinnar. Eigið fé félagsins var jákvætt sem nemur 105 millj. kr. (3,8% af ársveltu), við árslok skv. efnahagsreikningi.

Í samræmi við ályktun á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar árið 2021, hefur NPA miðstöðin fengið fulla endurskoðun frá og með árinu 2021 og hafa endurskoðendur annast kynningu á ársreikningi NPA miðstöðvarinnar á aðalfundi.





KJARNI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

FÉLAG FATLAÐS FÓLKS REKIÐ ÁN FJÁRHAGSLEGRA ÁGÓÐASJÓNARMÍÐA

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Miðstöðin er í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks sem er með umsýslu síns samnings hjá NPA miðstöðinni. Það þýðir að eingöngu félagsfólk hefur atkvæðarétt á aðalfundi og kýs stjórn NPA miðstöðvarinnar sem eingöngu er skipuð fötluðu fólki.

Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktar miðstöðvarinnar:

„Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.“

HUGMYNDAFRÆÐI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Leiðarljós NPA miðstöðvarinnar hefur ávallt verið hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og leggur sú hugmyndafræði hornstein að allri starfsemi miðstöðvarinnar. Stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur frá upphafi, í samræmi við reglur um NPA, skilgreint hlutverk miðstöðvarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfstætt líf verkstjórnenda eins og kostur er.

STARFSEMI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Kjarninn í starfsemi NPA miðstöðvarinnar er þjónusta við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra. Ráðgjöf til félagsfólks og aðstoðarfólks

þess, ásamt fjárhagslegri umsýslu NPA samninga félagsfólks, eru stærstu þættirnir í starfsemi NPA miðstöðvarinnar. Auk þess sinnir miðstöðin ýmsum öðrum verkefnum tengt NPA, t.d. fræðslu, upplýsingamiðlun og þróun verkferla um framkvæmd NPA samninga með það að markmiði að létta störf verkstjórnenda. NPA miðstöðin sinnir jafnframt öflugri hagsmunagæslu fyrir félagsfólk og fatlað fólk almennt á Íslandi.

NPA ráðgjafar sinna fjölbreyttum verkefnum en meginhlutverk þeirra er að ráðleggja og styðja verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA. Hægt er að fá samband við ráðgjafa í gegnum síma og tölvupóst eða óska eftir því að hitta ráðgjafa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

Bókarar sinna launagreiðslum og bókhaldi, svara fyrirspurnum og aðstoða við mál þar að lútandi. Netföng í bókhalds- og launadeild eru **laun@npa.is** en þangað skal senda allar fyrirspurnir sem snúa að launum en aðrar fyrirspurnir skal senda á **bokhald@npa.is**.

Félagsfólki NPA miðstöðvarinnar stendur til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum. Sú þjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar, til að stuðla að því að félagsfólk fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð samkvæmt lögum.

Opnunartími NPA miðstöðvarinnar er mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-15:00 og

föstudaga kl. 10:00-13:00. Styttling vinnuviku hjá starfsfólki skrifstofu, tók gildi í júní 2022 og þá styttist opnunartími NPA miðstöðvarinnar á föstudögum.

Hægt er að fá samband við allt starfsfólk miðstöðvarinnar með því að senda tölvupóst á netfangið **npa@npa.is** eða hringja í síma **567 8270**.

UMSÝSLA BEINGREIÐSLUSAMNINGA

Félagsfólk með beingreiðslusamninga nýtur sömu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga. Þjónusta og umsýsla hjá miðstöðinni vegna beingreiðslusamninga fer fram með sama hætti og vegna NPA samninga.

Fötluðu fólki með beingreiðslusamninga hefur ávallt verið boðin félagsaðild að NPA miðstöðinni eins og NPA notendum. Margir einstaklingar með beingreiðslusamninga kjósa frekar að hafa sambærilega umsýslu með beingreiðslusamningum sínum og NPA notendur, þrátt fyrir að umgjörð beingreiðslusamninga geri ekki ráð fyrir því. NPA miðstöðin hefur viljað veita fólki í þessari stöðu möguleikann á því að hafa umsýsluaðila. Oft hafa einstaklingar byrjað með beingreiðslusamninga, gengið til liðs við NPA miðstöðina og síðar fengið NPA samning frá sveitarfélaginu. Miðstöðin hefur á liðnum árum lagt mikla áherslu á að sveitarfélög geri einfaldlega NPA samninga í stað beingreiðslusamninga, enda eru beingreiðslusamningar að mestu leyti úrelt þjónustuform sem NPA hefur leyst af hólmi. Að mati NPA miðstöðvarinnar ætti eingöngu að nota beingreiðslusamninga, eða notendasamninga, í tilvikum þar sem útfærsla samningsins samræmist ekki hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og þar sem samræma þarf margvíslega þjónustuþætti eða útfæra þjónustuna með annars konar stofnanþjónustu. Annars ættu sveitarfélög að gera NPA samninga, enda er það yfirleitt sú þjónusta sem fatlað fólk er að leitast eftir og verður framkvæmd beingreiðslusamningsins eins konar vísir að því sem annars væri ef viðkomandi væri með NPA. Þrátt fyrir það eru sveitarfélög enn að notast við beingreiðslusamningsformið sem virkt þjónustuform.

ÞRÓUN OG UPPBYGGING NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Nánast allt sem NPA miðstöðin gerir, hvort sem það er siðasáttmáli, handbækur, eyðublöð eða jafnvel dagleg álitamál, er frumkvöðlastarf. Það er allt unnið frá grunni út frá hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, út frá íslensku regluverki og þeim áherslum sem stjórn og félagsfólk miðstöðvarinnar hefur sett um starfsemi miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin hefur samráð við félagsfólk um öll helstu álitamál og stefnumótun. Slíkt samráð er nauðsynlegt í starfi samvinnufélags en krefst um leið aukinnar vinnu og getur lengt vinnsluferli verkefna töluvert.

SIÐASÁTTMÁLI OG AÐGERÐA-ÁÆTLUN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Mikilvægt er að NPA miðstöðin, eins og aðrir vinnustaðir, hafi sinn eigin siðasáttmála og verkferla vegna eineltis, áreitni og ofbeldis. Slíkur leiðarvísir er enn mikilvægari í ljósi þess að fatlað fólk er berskjaldaðra en ófatlað fyrir hvers kyns ofbeldi og í ljósi umræðu undan- genginna ára um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi var samþykktur á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 28. maí 2022. Haustið 2022 var svo siðasáttmálinn tilbúinn og má finna hann á vefslóðinni **sidasattmali.npa.is**.

Siðasáttmálinn og aðgerðaáætlunin var unnið með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem einkenna vinnusamband verkstjórnenda og aðstoðarfólks og veitir félagsfólki, aðstoðarfólki og NPA miðstöðinni skýra verk- og viðbragðsferla í tilteknum málum og ættu að vera góður leiðarvísir fyrir alla hlut- eigandi aðila um hvernig eigi að bera sig að við tilteknar aðstæður.

HAGSMUNAGÆSLA NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

NPA miðstöðin veitir félagsfólki sínu, og raunar öllum NPA notendum á Íslandi óháð umsýsluaðila, öfluga hagsmunagæslu og þjónustu sem ekki er endilega alltaf sýnileg.

Hagsmunafélag fatlaðs fólks

NPA miðstöðin er hagsmunafélag fatlaðs fólks og skipar hagsmunavarsla nokkuð stóran sess

í starfi NPA miðstöðvarinnar – enda var NPA miðstöðin upphaflega stofnuð sem baráttusamtök fyrir réttinum til NPA. Ýmsir vankantar hafa verið á framkvæmd og innleiðingarferli NPA alveg frá upphafi og í sumum tilvikum hafa lög verið brotin. Þetta hefur ítrekað kallað á viðbrögð og hefur NPA miðstöðin fram til þessa brugðist við kallinu og mun gera það áfram. Óhætt er að fullyrða að hið opinbera hafi ráðstafað miklum tíma og orku frá NPA miðstöðinni í hagsmunabaráttu, sem þó hefur skilað heilmiklum árangri – bæði í þágu einstakra notenda og fatlaðs fólks í heild.

Eftirfarandi er meðal þess sem NPA miðstöðin hefur þurft að berjast fyrir í gegnum tíðina og gerir enn í dag:

- Að sveitarfélög greiði rétt framlög til NPA í samræmi við kjarasamninga NPA aðstoðarfólks.
- Afgreiðsla sveitarfélaga á NPA umsóknum og dráttur þar á, er eitt af því sem NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við.
- NPA miðstöðin hefur barist fyrir því að ríkið standi við skuldbindingar sínar um móttframlag til NPA samninga, t.d. með því að mæta á fundi hjá ráðuneytinu, skrifa umsagnir og greinar, mæta í viðtöl o.s.frv.
- NPA miðstöðin hefur verið fólki innan handar við að sækja lögbundna þjónustu sem það á rétt á í sinn NPA samning, t.d. aðstoðarverkstjórn, fjölgun á tímum o.s.frv.

Hagsmunaafi fyrir innleiðingu NPA á Íslandi

NPA miðstöðin er öflugur málsvari og hagsmunaafi fyrir innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Þannig skrifar miðstöðin umsagnir við lagafrumvörp innan málaflokksins og skrifar greinar og vekur athygli á umræðum og fréttum sem varða hagsmuni fatlaðs fólks. NPA miðstöðin rekur einnig fjölda mála fyrir sveitarfélögum og úrskurðarnefnd velferðarmála um ýmis ágreiningsefni og hefur náð miklum árangri fyrir stóran hóp fólks.

Gerð kjarasamninga

NPA miðstöðin er jafnframt eini umsýsluaðili NPA samninga sem annast viðræður um og vinnu við gerð kjarasamninga fyrir NPA

aðstoðarfólk. Ef NPA miðstöðin myndi ekki sinna því hlutverki þyrftu notendur að annast slíka samningagerð sjálfir eða fara eftir kjarasamningum sem ekki taka tillit til sjálfstæðs lífs verkstjórnenda. Í kjölfar kjarasamningsbundinna hækkana er NPA miðstöðin svo eini aðilinn sem tekur að sér að reikna út, kynna og fylgja eftir lágmarkstaxta NPA samninga og hefur gert það síðan árið 2018. NPA miðstöðin hefur náð þeim árangri á liðnum árum að sveitarfélög fara nú eftir útreikningum miðstöðvarinnar, sem eru í sífelldri endurskoðun og þróun, en það fer hins vegar mikil vinna í það ár hvert að eltast við hækkanir á töxtum og tryggja að réttar greiðslur berist frá sveitarfélögum vegna NPA samninga.

Önnur hagsmunagæsla

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin ítrekað brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið og sýnt mikla viðleitni til að vinna að því að NPA verði veitt brautargengi og vinna að farsælli framkvæmd NPA á Íslandi. Með það að markmiði hafa fulltrúar miðstöðvarinnar t.d. setið í ýmsum nefndum og ráðum, aðstoðað sveitarfélög þegar þau hafa, hvert um sig, verið að móta sínar reglur um NPA og margt fleira. Fjallað er ýtarlega um hagsmunagæslu NPA miðstöðvarinnar í kaflanum „Hagsmunagæsla og réttindamál“ aftar í skýrslunni.

SAMSTARF OG SAMRÁÐ VIÐ SVEITARFÉLÖG OG RÍKI

NPA miðstöðin hefur um árabil tekið virkan þátt í samstarfi og samráði við bæði ríki og sveitarfélög. Fulltrúar miðstöðvarinnar eiga reglulega samráðsfundi með nokkrum af stærstu sveitarfélögum landsins þar sem farið er yfir samstarfið og álitamál, ef einhver eru.

ALÞJÓÐASAMSTARF

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL) frá árinu 2017. NPA miðstöðin er jafnframt virkur þátttakandi í samnorrænum verkefnum og aðili að Nordic Competency Center on Personal Assistance (NCCPA) sem systurfélög NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum mynda. Auk þess hefur miðstöðin tekið þátt í ráðstefnum og tilfallandi samstarfsverkefnum um sjálfstætt líf.

HÚSNÆÐI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

NPA miðstöðin rekur starfsemi sína í skrifstofuhúsnæði í Urðarhvarfi 8A í Kópavogi og rekur einnig útibú á Akureyri, í Hafnarstræti 97, 2. hæð.

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar í Urðarhvarfi, er mjög aðgengilegt fyrir fatlað fólk, og þrátt fyrir að vera á annarri hæð er hægt að ganga beint inn í rými miðstöðvarinnar frá bílastæði og einnig beint úr bílskýli. Að sjálfsögðu eru einnig lyftur í húsinu og inngangar að húsnæðinu opnast sjálfkrafa fyrir gestum. Leitast er við að tryggja gott aðgengi á skrifstofu miðstöðvarinnar, t.d. er hluti eldhúsninnréttingar aðgengilegur og einnig eru hæðarstillanleg borð o.fl. sem eiga að tryggja þægindi fólks sem notar ólíka hjólastóla. Á skrifstofunni eru einnig fundarkerfi fyrir fundarherbergin sem einfaldar mjög rafræna fundi og eykur gæði þeirra, auk hljóðkerfis, þar á meðal hljóðnema og mixer, sem koma sér vel á stærri fundum.

Félagsfólki stendur til boða að nýta rými skrifstofunnar

Félagsfólki stendur til boða að nýta sér aðstöðu á skrifstofu miðstöðvarinnar. T.d. getur félagsfólk nýtt sér fundarherbergi á skrifstofunni til að halda starfsmannafundi eða til að taka starfsmanna- og/eða atvinnuviðtöl. Enn fremur getur félagsfólk nýtt sér afmörkuð rými og vinnuástöðu til þess að vinna að og skipuleggja sína notenda-stýrðu persónulegu aðstoð. Jafnframt er starfsfólk miðstöðvarinnar ævinlega reiðubúið að aðstoða við ofangreint.

Loks er einnig hægt að fá afnot af húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi, námskeið eða viðburði og nýta sér tækniþúnað miðstöðvarinnar t.d. fyrir rafræna fjarfundi.


ÚTREIKNINGUR Á JAFNAÐARTAXTA

NPA miðstöðin hefur um árabíl sent sveitarfélögum útreikninga á jafnaðartöxtum vegna NPA, eða allt frá árinu 2018. Útreikningarnir taka mið af og eru uppfærðir eftir kjarasamningum NPA aðstoðarfólks, eins og þeir eru hverju sinni.

Lengi vel reyndist erfitt að fá sveitarfélög til að fylgja þessum töxtum, en sveitarfélög byggðu gjarnan framlög sín til NPA á sínum eigin útreikningum, sem ýmist tóku mið af þróun launavísitölu, kjarasamningum sem sveitarfélagið átti aðild að eða var einfaldlega ákveðinn út frá annars konar mati. Allir þessir taxtar áttu það þó sameiginlegt að standa ekki undir kostnaði meðal vinnustundar í NPA.

Með mikilli eftirfylgni hefur NPA miðstöðinni tekist að koma jafnaðartöxtum sveitarfélaga í nokkuð eðlilegt horf en öll sveitarfélög miða nú framlög sín til NPA við útreikninga NPA miðstöðvarinnar á taxtanum.

Kjarasamningar NPA aðstoðarfólks hækkuðu síðast þann 1. janúar 2025 og var NPA miðstöðin þá þegar búin að reikna út hækkunina á taxtanum og senda sveitarfélögum uppfærða útgáfu af jafnaðartöxtum vegna ársins 2025. Miðstöðin gefur út þrjá taxta, þ.e. jafnaðartaxta NPA sólarhringssamninga, jafnaðartaxta NPA sólarhringssamninga með hvíldarvöktum og svo jafnaðartaxta NPA samninga án næturvakta. Þá gaf NPA miðstöðin einnig út jafnaðartaxta vegna aðstoðarverkstjórnar í fyrsta sinn nú um áramótin.



NPA vinnustundin

Í reglum um NPA er kveðið á um þrískiptingu NPA samninga, þ.e. að:

- **85%** samnings er ætlað til greiðslu launa aðstoðarfólks.
- **10%** er umsýsluframlag (sem í tilviki NPA miðstöðvarinnar rennur til reksturs miðstöðvarinnar).
- **5%** framlag rennur til NPA notenda til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarfólks. Sá kostnaður getur verið margvíslegur, enda ljóst að aðstoðarfólk þarf að fylgja notanda í hans daglega lífi.



STARFSFÓLK OG STARFSEMI Á SKRIFSTOFU

FJÖLDI STARFSFÓLKS Á SKRIFSTOFU

Fjöldi starfsfólks í maí 2025

18 **FASTRÁÐIÐ**
STARFSFÓLK STARFAR
Á SKRIFSTOFUNNI

Fjöldi á starfsárinu

3 **LAUSRÁÐNIR**
STARFSMENN STÖRFUÐU
AÐ TILTEKNUM VERKEFNUM

Í lok árs 2024 var fastráðið starfsfólk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar 20 talsins og af þeim voru 3 í tímabundnu leyfi. Í lok árs 2023 voru 17 starfandi hjá miðstöðinni.

STARFSFÓLK SKRIFSTOFU

Stoðteymi

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri
Silja Steinunnardóttir, samskiptastýra
Andri Valgeirsson, tæknistjóri
Erna Eiríksdóttir, fræðslustýra
Anna Íris Pétursdóttir, fræðslufulltrúi

NPA ráðgjafateymi

Alexandra Dögg Einarsdóttir
Ástrós Anna Klemensdóttir
Breki Arnarsson, í útibúinu á Akureyri
Elísabet Jenný Hjálmarsdóttir
Jón Pálmar Björnsson
Katrín Einarsdóttir
Petra Þórðardóttir

Bókhaldsteymi

Daníel Páll Jónasson, skrifstofustjóri
Ester Sveinbjarnardóttir
Regína Þorvaldsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Sigurdís Rós Jóhannsdóttir

Lausráðið fólk í sérstökum verkefnum

Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, textasmiður
Katrín Oddsdóttir, lögmaður
Sóley Björk Axelsdóttir, prófarkalesari

STOÐTEYMI

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson er formaður stjórnar og einn starfsmanna á skrifstofu. Hann er fulltrúi stjórnar og félagsfólks á skrifstofunni og segja má að hann sé áttavittinn í starfi miðstöðvarinnar. Hlutverk formanns er að skipta sér af öllu í starfsemi miðstöðvarinnar, auk þess sem hann situr í ýmsum nefndum, kemur fram opinberlega og ryður brautina í hagsmunabaráttu fyrir fatlað fólk og NPA.

Meðal verkefna formanns eru:

- Að vera tengiliður stjórnar og skrifstofu, ásamt framkvæmdastjóra.
- Náð samstarf við framkvæmdastjóra.
- Álitsgjöf og aðstoð við allt starfsfólk á skrifstofu við fjölbreytt verkefni.
- Sitja starfsfundi, fundi ráðgjafa, fundi með bókurum og vera mikilvæg rödd í stefnumótunarstarfi miðstöðvarinnar.
- Gæta þess að hugmyndafræðin um sjálfstætt líf sé ávallt í heiðri höfð í starfi miðstöðvarinnar.
- Vera andlit NPA miðstöðvarinnar út á við og sitja í nefndum og ráðum um málefni fatlaðs fólks og NPA.

Framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar er Hjörtur Örn Eysteinnsson. Hjörtur hóf störf hjá NPA miðstöðinni í október 2015, þá eini starfsmaður NPA miðstöðvarinnar. Hjörtur hefur yfirumsjón með starfsemi NPA miðstöðvarinnar og daglegum rekstri hennar og ber ábyrgð á því að hrinda ákvörðunum stjórnar í framkvæmd.

Í því felst m.a. eftirfarandi:

- Framfylgja stjórnarsamþykktum og öðrum ákvörðunum stjórnar.
- Yfirumsjón með daglegri starfsemi NPA miðstöðvarinnar.
- Yfirumsjón með fjárhagslegu uppgjöri miðstöðvarinnar í samstarfi við bókhalds-teymi miðstöðvarinnar, endurskoðendur félagsins og gjaldkera stjórnar.
- Hafa yfirsýn yfir rekstur miðstöðvarinnar og að útgjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun.
- Hafa yfirumsjón með og annast hina ýmsu samninga og tengd skjöl.

- Eiga samskipti við félagsfólk, aðstoðarfólk, ýmsa opinbera aðila hjá ríki og sveitarfélögum o.fl.
- Veita sérhæfða ráðgjöf og þjónustu, t.d. er varðar réttinn til NPA og margt fleira.
- Veita ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitamál.
- Skrifa umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur.
- Leiða kjaraviðræður og gerð kjarasamninga.
- Starfsmannamál og margt fleira.

Silja Steinunnardóttir er samskiptastýra miðstöðvarinnar. Silja hóf störf hjá NPA miðstöðinni í janúar 2017 sem verkefnastýra en hóf störf sem samskiptastýra árið 2020. Samskiptastýra hefur yfirumsjón með upplýsingamiðlun á vegum NPA miðstöðvarinnar og heldur utan um ásýnd miðstöðvarinnar. Auk þess hefur samskiptastýra komið að ýmsum öðrum verkefnum í gegnum tíðina. Hún sá t.d. um samskipti við heilbrigðisyfirvöld á tímum COVID-19, hélt utan um bólusetningarlista félagsfólks og aðstoðarfólks miðstöðvarinnar, kom vinnu við siðasáttmála miðstöðvarinnar af stað o.fl. Hún var einnig starfandi framkvæmdastýra í fjarveru framkvæmdastjóra í 6 vikur árið 2023 og um 8 mánuði árið 2024.

Verkefni samskiptastýru eru

m.a. eftirfarandi:

- Umsjón með upplýsingamiðlun á vegum NPA miðstöðvarinnar.
- Tryggja gæði á útgefnu efni og kynningum.
- Sjá um að efni NPA miðstöðvarinnar sé framsett í samræmi við hönnunarstaðal og halda utan um ásýnd miðstöðvarinnar í heild sinni.
- Yfirsýn yfir kynningar- og markaðsstarf NPA miðstöðvarinnar og umsjón kynningarherferða.
- Annast faglegt samstarf við auglýsinga- og markaðsstofur og samskipti við fjölmiðla.
- Skrifa greinar og aðstoða formann, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn NPA miðstöðvarinnar við ýmis verkefni tengd miðlun upplýsinga.

- Umsjón með útgáfu ársskýrslu NPA miðstöðvarinnar.
- Umsjón með viðhaldi og útgáfu efnis á samfélagsmiðlum.
- Umsjón með ásýnd og efni á vef miðstöðvarinnar.
- Umsjón með upplýsingapóstum til félagsfólks og aðstoðarfólks.
- Umsjón með fréttabréfi NPA miðstöðvarinnar.
- Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum NPA miðstöðvarinnar og sjá um auglýsingar og kynningar á þeim.

Andri Valgeirsson er tæknistjóri miðstöðvarinnar. Andri hefur starfað hjá miðstöðinni síðan í nóvember 2018, fyrst sem ráðgjafi en auk þess sinnti hann jafnhliða þeim tæknimálum sem upp komu. Í júní 2023 tók hann alfarið að sér tæknistjórn og umsjón upplýsingatæknimála.

Verkefni hans eru m.a. eftirfarandi:

- Halda utan um tækjabúnað starfsfólks á skrifstofu ásamt tæknilegri aðstoð.
- Versla tölvur, fundarbúnað o.fl. og koma í gagnið.
- Vinna að uppsetningu, viðhaldi og uppfærslu ýmissa kerfa, t.d. Microsoft lausnum, innleiðingu Odoo kerfisins, lagfæringum í Tímon, aðgansstýringum á Alfreð o.fl.
- Netkerfi skrifstofu.
- Öryggiskerfi Securitas.
- Tæknimál vefsíðu.
- Samskipti við þjónustufyrirtæki kerfisbúnaðar.
- Tæknileg aðstoð til félagsfólks.
- Kynningar á tækninýjungum til starfsfólks, stjórnar og félagsfólks.
- Ýmis konar aðstoð á skrifstofu.

Erna Eiríksdóttir er fræðslustýra miðstöðvarinnar. Erna tók við hlutverki fræðslustýru í maí 2023 en hafði þá starfað sem ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni frá því í mars 2021. Erna stýrir fræðsluverkefnum NPA miðstöðvarinnar og vinnur að þróun og uppbyggingu þeirra.

Verkefni hennar eru m.a.

- Þróun á fræðsluefni NPA miðstöðvarinnar.
- Undirbúningur allra námskeiða.

- Samskipti við gestafyrirlesara.
- Skipulagning á fræðsluviðburðum.
- Einstaklingsmiðuð fræðsla fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra.
- Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar, t.d. í Háskóla Íslands, hjá félagasamtökum, sveitarfélögum og öðrum opinberum stofnunum.
- Uppfærsla á handbók verkstjórnenda og skrif á handbók aðstoðarfólks (sem er í vinnslu).
- Aðstoða ráðgjafa við ýmis mál tengd stjórnsýslunni.
- Þátttaka í alþjóðastarfi, t.d. verkefnum Nordic Competency Center on Personal Assistance með systurfélögum NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum.

Anna Íris Pétursdóttir, fræðslufulltrúi gekk til liðs við Ernu í apríl 2025 til að aðstoða við fræðslustarf NPA miðstöðvarinnar en hán hefur starfað sem ráðgjafi síðan í mars 2023. Helstu verkefni Írisar verða þróun á fræðsluefni og myndbandsgerð í samstarfi við Ernu.

LAUSRÁÐIÐ STARFSFÓLK

Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, félagskona í NPA miðstöðinni, starfar að tilteknum verkefnum í samstarfi við samskiptastýru.

Helstu verkefni Ágústu eru:

- Umsjón samfélagsmiðla.
- Textaskrif.
- Skrif og ritstýring fréttabréfs miðstöðvarinnar.
- Skrif á upplýsingapóstum til félags- og aðstoðarfólks.
- Skrif á nýju efni fyrir vef NPA miðstöðvarinnar.

Katrín Oddsdóttir, lögmaður, hefur undanfarin ár unnið að kærnum og málshöfðunum sem NPA miðstöðin rekur fyrir hönd tiltekins félagsfólks eða sem NPA miðstöðin rekur fyrir sína hönd og þar með fyrir allt félagsfólk miðstöðvarinnar.

Sóley Björk Axelsdóttir, félagskona í NPA miðstöðinni, hefur öðru hvoru tekið að sér tilfallandi prófarkalestursverkefni.

STÖRF NPA RÁÐGJAFAR

Í dag eru ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar 7 talsins. Í desember 2024 voru 7 starfandi ráðgjafar auk 3 sem voru í tímabundnu leyfi. Í desember 2023 voru ráðgjafarnir 6 talsins, auk teymisstýru.

Hlutverk NPA ráðgjafa er að ráðleggja og styðja við verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA.

Störf NPA ráðgjafa eru mjög fjölbreytt enda er það einstaklingsbundið hvað hver og einn verkstjórnandi eða aðstoðarmanneskja þarf ráðgjöf eða aðstoð við og að sama skapi mjög misjafnt hvernig þjónusta fólk nýtir mest hjá miðstöðinni. Meðan sum vilja meiri aðstoð við þætti sem lúta að daglegri verkstjórn þá eru önnur sem hafa þegið aðstoð NPA miðstöðvarinnar við að reka sín mál innan kerfisins, hvort sem er hjá stjórnsýslunni eða innan dómskerfisins.

Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar veita ráðgjöf og aðstoða félagsfólk t.d. við eftirfarandi:

- Vakta- og viðveruáætlanir.
- Skráningar viðveru í Tímon.
- Auglýsa eftir aðstoðarfólki.
- Taka atvinnuviðtöl.
- Ráðningar.
- Uppsagnir.
- Samningagerð.
- Útskýra kjarasamninga.
- Útreikninga á launakostnaði.
- Undirbúning fyrir ferðalög með aðstoðarfólki.
- Samskiptaerfiðleika eða aðrar áskoranir sem beina þarf í réttan farveg.
- Samskipti við sveitarfélög, m.a. til að þrýsta á um réttindi félagsfólks.
- Margt fleira sem tengist framkvæmd NPA.

Hagsmunagæsla ráðgjafa

Ráðgjafar styðja félagsfólk ekki eingöngu við atriði sem lúta að daglegri verkstjórn heldur aðstoða félagsfólk iðulega við samskipti við sitt sveitarfélag og hafa ítrekað fengið í gegn stækkanir og breytingar á samningum félagsfólks.

Ráðgjöf til aðstoðarfólks og almenn þjónusta

Ráðgjafar eru einnig til staðar fyrir aðstoðarfólk. Þeir svara spurningum aðstoðarfólks um sín réttindi og skyldur og veita ráðgjöf eða aðstoða það með öðrum hætti.

Ráðgjafar veita einnig öðrum sem eru áhugasöm um NPA, upplýsingar um NPA, réttinn til NPA, hvernig sótt er um NPA o.fl.

STÖRF BÓKHALDSTEYMI OG SKRIFSTOFUSTJÓRA

Í dag starfa 5 bókarar og launafulltrúar hjá miðstöðinni og felast verkefni þeirra í megindráttum í bókhaldi NPA miðstöðvarinnar og öllu því sem tengist launagreiðslum til aðstoðarfólks og starfsfólks á skrifstofu.

Verkefni tengd launavinnslu og bókhaldi NPA miðstöðvarinnar eru margþætt og gefur eftirfarandi upptalning innsýn í helstu verkefni bókhalds- og launadeildar:

- Launaútreikningar aðstoðarfólks, breytingar á launum og önnur tengd verkefni.
- Bókun innborgana, launa, rekstrarkostnaðar og annarra fjármagnshreyfinga.
- Útgáfa vottorða fyrir aðstoðarfólk.
- Vinnsla rekstrarskýrsla (NPA innsýn) fyrir notendur og sveitarfélög.
- Reikningagerð og greiðsla reikninga.
- Afstemmingar bókhalds og forvinnsla ársuppgjörs fyrir endurskoðendur NPA miðstöðvarinnar.
- Samskipti við sveitarfélög, verkstjórnendur og aðstoðarfólk.

Daníel Páll Jónasson er skrifstofustjóri NPA miðstöðvarinnar og hefur gegnt þeirri stöðu frá því í október 2024, samhliða bókhaldi og launaútreikningi. Daníel hefur starfað sem bókari og launafulltrúi í bókhaldsteymi NPA miðstöðvarinnar síðan í janúar 2023 en nú sinnir hann auk þess verkefnum skrifstofustjóra sem eru m.a. eftirfarandi:

- Utanumhald, umsjón og útreikningur á launum starfsfólks á skrifstofu.
- Utanumhald með orlofsrétti, frítökurétti og veikindarétti starfsfólks á skrifstofu.
- Umsjón með kjarasamningsbundnum

- réttindum og styrkjum til starfsfólks á skrifstofu.

 - Gerð mánaðarlegra rekstrarskýrsla fyrir skrifstofuna.
 - Innkaup og umsjón með rekstrarvörum, veitingum á kaffistofu og veitingum fyrir viðburði.
- Utanumhald með eignaskrá miðstöðvarinnar (verkefni í undirbúningi).
 - Að auki hefur Daníel séð um að hanna, viðhalda og endurbæta NPA innsýn skjöl fyrir félagsfólk og miðlæg NPA innsýn skjöl fyrir yfirsýn ráðgjafa og bókhalds.

STARFSMANNAHALD Á SKRIFSTOFU NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Eftirfarandi tafla veitir innsýn í starfsmannaveltu NPA miðstöðvarinnar í gegnum árin. Ekki er tekið tillit til starfshlutfalls starfsfólks.

Hafa ber í huga að endanlegar tölur fyrir 2025 munu ekki liggja fyrir fyrr en í lok árs.

Fjöldi starfsfólks í lok árs og starfsmannavelta (%)

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarfjöldi	1	1	2	4	7	8	11	12	17	20**	18
Starfslok	0	0	0	0	0	1	2	1	2	3	2
Hlutfall %	0	0	0	0	0	12,5	18,2	8,3	11,7	15	10,5*
Lausráðið starfsf.									3	2	3

*Endanleg tala fyrir árið 2025 fæst ekki fyrr en í lok árs. **Af 20 í lok árs 2024 voru 3 í tímabundnu leyfi.
Grafík: NPA miðstöðin/Silja 

FRÆÐSLA OG ÞJÓNUSTA IÐJUBJÁLFA

Í júní 2022 tilkynnti NPA miðstöðin að gert hefði verið samkomulag við Guðrúnu Jóhönnu Hallgrímsdóttur, iðjubjálfa, um þjónustu við félagsfólk miðstöðvarinnar. Um áramótin 2024/2025 sagði Guðrún sig frá samningi við NPA miðstöðina vegna

persónulegra aðstæðna. Almenn ánægja var meðal félagsfólks með að hafa aðgang að þjónustu iðjubjálfa. NPA miðstöðin leitast nú við að gera nýjan samning við annan iðjubjálfa til að taka við af Guðrúnu Jóhönnu. Það verður kynnt þegar þar að kemur.



STARFSÁRIÐ HJÁ NPA MIÐSTÖÐINNI 2024-2025





REKSTUR SKRIFSTOFU

SKRIFSTOFAN URÐARHVARFI

NPA miðstöðin rekur starfsemi sína í 700 fm húsnæði í Urðarhvarfi 8A í Kópavogi en þangað var starfsemin flutt í byrjun apríl 2020. Skrifstofurýmið hefur verið innréttað í áföngum og eftir þörfum samhliða því að starfsfólki á skrifstofunni hefur fjölgað. Eftir að ný og stærri eldhúsinnrétting var sett upp á síðasta ári má segja að innrétting húsnæðisins sé loksins langt á vel komin. Þó væri gaman að útbúa notalegra biðsvæði fyrir fólk sem biður þjónustu og enn á eftir að innrétta einstaka minni skrifstofurými og útfæra betur. Einnig hefur hugur lengi staðið til þess að innrétta í það minnsta eitt baðherbergjanna með skipti- og þvottaaðstöðu fyrir fullorðna. Ekki liggur fyrir hvenær ráðist verður í ofangreind verkefni og ræðst það m.a. af fjármagni og almennri forgangs röðun verkefna á skrifstofu.

Það þurfti lítið að versla af húsgögnum fyrir skrifstofuna í Urðarhvarfi á starfsárinu en fyrir nýja skrifstofu á Akureyri þurfti að sjálfsögðu að versla svolítið af skrifstofuhúsgögnum; skáp, eitt skrifborð, skrifborðsstól og stóla fyrir gesti.

Nýr fjarfundarbúnaður var nýverið keyptur fyrir alrýmið í NPA miðstöðinni í þeim tilgangi að bæta fjarfundi til muna.

ÚTIBÚ NPA MIÐSTÖÐVARINNAR Á AKUREYRI OPNAÐ

Í desember 2024 var útibú NPA miðstöðvarinnar á Akureyri opnað. Aðsetur NPA miðstöðvarinnar er á 6. hæð í Hafnarstræti 97, á

sama stað og Grófin geðrækt. Á hæðinni er NPA miðstöðin með aðstöðu til þess að taka á móti fólki, halda fundi og sinna fræðslu. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar getur einnig nýtt aðstöðu NPA miðstöðvarinnar á Akureyri til þess að taka atvinnuviðtöl, halda starfsmannafundi, skipuleggja fræðsluerindi o.fl.

Einn ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni, Breki Arnarsson, verður með fasta viðveru á skrifstofunni á Akureyri. Breki er menntaður vinnusálfræðingur og hefur starfað sem NPA ráðgjafi hjá miðstöðinni frá janúar 2023. Hans helsta hlutverk verður að veita félagsfólki NPA miðstöðvarinnar á Norðurlandi og Vestfjörðum ráðgjöf og aðstoðarfólki þess, auk þess að byggja upp starfsemi miðstöðvarinnar á Norðurlandi.

Með opnun skrifstofunnar á Akureyri gefst NPA miðstöðinni nú enn betra tækifæri til þess að veita öfluga nærþjónustu við félagsfólk sitt á Norðurlandi en áður. Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar hlakka mikið til að styrkja enn frekar sambandið við félagsfólk á landsbyggðinni og að geta einnig verið til staðar fyrir fatlað fólk þar, sem hefur áhuga á að fræðast meira um NPA og fá ráðgjöf um allt sem því við kemur.

Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar er hvatt til þess að nýta sér aðstöðuna og sömuleiðis eru öll áhugasöm hvött til að hafa samband við NPA miðstöðina og panta tíma hjá Breka í ráðgjöf.

KERFISLAUSNIR OG TÆKNISTJÓRN

Að mörgu er að huga hvað varðar tækjakost og kerfislausnir á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.

Odoo kerfið

Eftir því sem félagsfólki, aðstoðarfólki og starfsfólki hefur fjölgað hjá NPA miðstöðinni, hafa þarfir skrifstofunnar fyrir hin ýmsu kerfi smám saman breyst og orðið flóknari. Sá fjöldi kerfa sem var orðið í notkun og sú staðreynd að kerfin töluðu ekki saman var farið að valda nokkrum áskorunum og olli því t.d. að nauðsynlegt var að margskrá tiltekna upplýsingar inn í fleiri en eitt kerfi.

Í mars árið 2024 skrifaði NPA miðstöðin undir samning við fyrirtækið Boðleið um innleiðingu Odoo kerfisins en það mun leysa af hólmi mörg þeirra kerfa sem voru eða eru enn í notkun, t.d. Salesforce, Asana, Teams, Tímon, MailChimp o.fl.

Innleiðing Odoo hefur sett svip sinn á starfið á skrifstofunni undangengið ár. Kerfið hefur verið í notkun á skrifstofunni um nokkurt skeið og hefur nú þegar leyst sum kerfi af eins og t.d. Salesforce og Teams. Hætt verður að nota Asana, Mailchimp, Signet rafrænar undirskriftir og fleiri hugbúnaðarlausnir á næstu vikum og mánuðum. Innleiðing á tímaskráningarkerfi Odoo sem mun koma í stað Tímon og ekki síður bókhaldskerfi Odoo, sem mun koma í stað DK bókhaldskerfisins, er hins vegar flóknara verkefni sem þarf að vinna mjög vandlega og mun taka lengri tíma.

Í dag má segja að Odoo sé miðstöð allra verkefna hjá miðstöðinni og reynist það vel sem verkefna- og tímastjórnunarkerfi og sem samskiptaforrit. Odoo nýtist jafnframt við ýmis konar ólík verkefni og heldur t.d. utan um skráningar á námskeið NPA miðstöðvarinnar og vefsíða NPA miðstöðvarinnar hefur einnig verið sett upp í Odoo kerfinu.

Notendaprófanir eru byrjaðar en hafa farið rólega af stað. Þátttaka verkstjórnenda og aðstoðarfólks verður aukin í þrepum næstu mánuði.

Samkvæmt núverandi innleiðingaráætlun verður unnið að notendaprófunum samhliða innleiðingu síðustu kerfiseininganna í Odoo, fram að næstu áramótum. Þaðan í frá er gert ráð fyrir að Odoo verði búið að taka við af öðrum kerfum sem enn eru í notkun.

Odoo hefur nú þegar einfaldað verkferla og aukið skilvirkni á skrifstofu miðstöðvarinnar og mun þegar upp er staðið skapa veru-

legt vinnuhagræði á skrifstofunni, auk þess að fækka kerfisvillum sem aftur ætti að auka gæði þjónustu miðstöðvarinnar. Samþættingin tryggir að allar breytingar sem gerðar eru í einum kerfishluta, endurspeglast tafarlaust í öðrum hlutum kerfisins. Þannig fá notendur samfellda upplifun og starfsfólk heildaryfirsýn og losna við að færa handvirkar uppfærslur á milli margra mismunandi kerfa.

Fyrir félagsfólk mun nýtt kerfi þýða:

- Betra tímaskráningarkerfi sem er betur sérsniðið að þörfum þess.
- Betra kerfi til ráðninga aðstoðarfólks.
- Einfaldari skráningu á námskeið og viðburði.
- Innri vef þar sem félagsfólk getur skoðað rauntímastöðu samnings og aðrar upplýsingar.

Notkun Odoo á skrifstofu mun:

- Leiða til vinnuhagræðingar.
- Leiða til vinnusparnaðar við mörg verkefni.
- Auka samræmi upplýsinga í kerfum og fækka villum.
- Auðvelda ut anumhald upplýsinga.
- Auka samvinnu og flæði á milli deilda og minnka tvíverknað.

Odoo mun leiða til vinnusparnaðar hjá starfsfólki (sérstaklega ráðgjöfum), sem ætti að leiða til þess starfsfólk hafi meira svigrúm til að sinna þjónustubáttum starfsins og þróun, frekar en í margskráningu upplýsinga og ut anumhald gagna. Stefnt er að því að veita hverjum verkstjórnenda persónulega kennslu um þá þætti sem snúa að þeim, þegar það verður tímabært. Áfram verður leitast við að upplýsa félagsfólk reglulega um framvindu innleiðingarinnar á innleiðingartímabilinu.

Tímon

Tímon er viðveruskráningarkerfi sem félagsfólk NPA miðstöðvarinnar notar til að halda utan um og skrá vinnustundir aðstoðarfólks og skipuleggja vaktir. Eins og fyrr hefur komið fram er gert ráð fyrir því að tímaskráningahluti Odoo kerfisins muni leysa Tímon af hólmi þegar fram líða stundir.

Notkun Salesforce lokið

Þjónustukerfið Salesforce var tekið í notkun seinni part sumars 2020. Á þeim tíma var miðlægur gagnagrunnur eins og Salesforce orðinn bráðnauðsynlegur fyrir starfsemi miðstöðvarinnar samhliða fjölgun félagsfólks. Salesforce einfaldaði ýmislegt utanumhald og yfirsýn við störf á skrifstofu. Eftir að ákvörðun um að hefja þróun og innleiðingu á Odoo var tekin árið 2024, var áframhaldandi þróun og stuðningi við Salesforce hætt, enda lá fyrir að Odoo kerfið myndi leysa Salesforce alveg af hólmi. Salesforce er ekki lengur í notkun í dag.

Notkun Asana bráðum hætt

Á haustmánuðum 2021 tók NPA miðstöðin til notkunar verkstjórnunar- og skipulagsforritið Asana. Kveikjan að því var að þá var NPA námskeiðaröð miðstöðvarinnar hleypt af stokkunum og kom Asana sér sérstaklega vel við skráningar á námskeiðin og skipulag og utanumhald þeirra, sem og annarra viðburða. Í dag hefur Odoo að mestu leyti leyst Asana af og er gert ráð fyrir að notkun Asana á skrifstofunni verði hætt á næstu vikum.

Önnur kerfi

Í febrúar 2023 var pósthforritið MailChimp tekið í notkun og einfaldaði það utanumhald yfir póstlista og kom sér vel þar sem þá var farið að senda upplýsingapósta og fréttabréf nokkuð reglulega til félagsfólks og aðstoðarfólks. Forritið Sway var svo tekið í notkun í september 2023 til að setja upp NPA fréttabréfið. Mailchimp og Sway eru enn í notkun en vinnsla upplýsingapósta og líklega einnig fréttabréfa mun færast yfir í Odoo á næstu mánuðum.

Þess utan notar NPA miðstöðin að sjálf-sögðu öll helstu forrit sem henta skrifstofuvinnu og t.d. Adobe pakkann fyrir grafíska vinnu.

Símsvörun færð inn til NPA miðstöðvarinnar

Í febrúar 2021 hófst samstarf NPA miðstöðvarinnar við Halló – símsvörun. Því samstarfi var slitið um síðustu áramót og síðan þá hafa ráðgjafar séð um um alla símsvörun, milliliðalaust, og senda símtöl sín á milli eða á milli deilda. Þessi breyting hefur reynst vel en nokkuð hafði borið á því að félagsfólk NPA miðstöðvarinnar kvartaði yfir nokkrum biðtíma eða misstum símtölum á meðan þjónustu Halló stóð.



RÁÐGJÖF

Helstu breytingar hjá ráðgjöfum á nýliðnu starfsári voru þær að skipulagi ráðgjafateymis var breytt, ráðgjafar tóku að sér símsvörun og einnig varð breyting á vinnuumhverfi ráðgjafa samhliða innleiðingu Odoo kerfisins.

BREYTINGAR Á SKIPULAGI RÁÐGJAFATEYMIS

Í október síðastliðnum, var skipulagi ráðgjafateymisins breytt. Teymið var flatt út og hlutverk teymisstýru var lagt niður. Ráðgjafateymið vinnur nú með sjálfstæðari hætti og tekur sjálfst allar helstu ákvarðanir um skipulag teymisins, dreifingu álags, helstu verkferla og verkaskiptingu. Formaður, framkvæmdastjóri og fræðslustýra sitja að jafnaði vikulega ráðgjafafundi og taka þátt í áframhaldandi þróun og starfi teymisins. Þessar skipulagsbreytingar hafa reynst afar vel.

INNLEIÐING ODOO KERFISINS

Innleiðing Odoo kerfisins undangengið starfsár hefur sett sinn svip á starfsemi miðstöðvarinnar. Alexandra Dögg Einarsdóttir hefur verið fulltrúi ráðgjafa í innleiðingarferlinu og setið marga fundi með það að leiðarljósi að gera innleiðinguna skilvirka og einfalda fyrir ráðgjafa. Ráðgjafar hafa í áföngum verið að læra á nýtt kerfi og færa gögn og upplýsingar úr öðrum kerfum yfir í Odoo. Samhliða innleiðingunni hafa ráðgjafar leitast við að samþætta verkferla innan skrifstofunnar til að bæði auka áreiðanleika gagna og vinnuhagræði.

Kerfið hefur nú þegar einfaldað ýmsa verkferla ráðgjafa verulega og fækkað margskráningum upplýsinga í mismunandi kerfum og í lok innleiðingarinnar ætti enn meira svigrúm að hafa skapast fyrir önnur verkefni.

ÖRYGGISNEFND

Öryggisnefnd NPA miðstöðvarinnar var stofnuð vorið 2024 og er skipuð Leifi Leifssyni félaga í NPA miðstöðinni, Theodóru Björg aðstoðarmanneskju og svo Breka Arnarssyni ráðgjafa. Fulltrúi stjórnar er Rúnar, formaður NPA miðstöðvarinnar. Nefndin fundaði í september 2024 og var meðal annars farið yfir mikilvægi þess að áhættumat yrði betur sniðið að hverjum og einum félagsmeðlimi með það að markmiði að auka öryggi og starfsánægju aðstoðarfólks, sem og auka öryggi félagsfólks. Ákveðið var að útbúa nýtt áhættumat og er verið að leggja lokahönd á það þessi dægrin. Þar sem áhættumatið verður vistað í Odoo kerfinu ættu samskipti um úrbætur á áhættumatinu að verða einfaldari á milli ráðgjafa og félagsfólks.

SAMSKIPTI VIÐ RÁÐGJAFASVEITARFÉLAGA STYRKT

Árið 2022 voru tekin fyrstu skref til að byggja brú á milli ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa sveitarfélaga, þegar ráðgjöfum Reykjavíkurborgar var boðið í heimsókn til að ræða við ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar. Síðan þá hafa ráðgjafar fleiri sveitarfélaga heimsótt miðstöðina.

Í vetur var þessari vegferð haldið áfram en í nóvember síðastliðnum heimsóttu Breki ráðgjafi í útibúinu á Akureyri, Erna fræðslustýra og Hjörtur framkvæmdastjóri, ráðgjafa og sviðsstjóra á Akureyri, Dalvík og Þingeyjarsveit. Á fundunum kom fram mikil ánægja með ákvörðun NPA miðstöðvarinnar um að opna útibú á Akureyri.

HEIMSÓKNIR TIL FÉLAGSFÓLK Á LANDSBYGGÐINNI

Ráðgjafar eru í auknum mæli farnir að heimsækja félagsfólk og sveitarfélög á landsbyggðinni og náðu fulltrúar miðstöðvarinnar, að heimsækja flest allt félagsfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins á þessu ári.

Í fyrrnefndri heimsókn fulltrúa NPA miðstöðvarinnar til Akureyrar, Dalvíkur og Þingeyjarsveitar var félagsfólk miðstöðvarinnar einnig heimsótt. Auk þess heimsóttu ráðgjafar félagsfólk, búsett á Selfossi og víðar á þjónustusvæði Bergrisans á Suðurlandi.

Ráðgjafar eru sammála um að bæði þeir og félagsfólk meti mikils að hitta hvort annað í eigin persónu og sjá andlitin á bak við tölvu- póstsamskiptin. Slíkar heimsóknir stuðla að auknu trausti og betri samskiptum. Heimsóknir til félagsfólks utan höfuðborgarsvæðisins hafa einnig leitt í ljós að það glímur oft við aðrar áskoranir en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Til dæmis reynist erfiðara að fá aðstoðarfólk til starfa sumstaðar á landsbyggðinni.



BÓKHALD OG LAUNAVINNSLA

Verkefni bókhalds- og launadeildar hafa haldið áfram að vaxa að umfangi samhliða fjölgun félagsfólks og auknum fjölda aðstoðarfólks. Til að bregðast við auknum verkefnapunga síðustu ár, hafa verkferlar verið í sífelldri endurskoðun, til að tryggja góða yfirsýn, koma í veg fyrir villur, auka skilvirkni og auðvelda starfið frá degi til dags.

Eftirfarandi er meðal verkefna bókhaldsteymis á nýliðnu starfsári:

- NPA innsýn kom í stað rekstrarskýrslanna á vormánuðum 2024 og er nú sent til félagsfólks og sveitarfélaga, í stað rekstrarskýrslanna áður. Efni NPA innsýnar er sett fram á skýrari og myndrænni hátt en áður var gert. Nýja kerfið á bak við NPA innsýn hefur bæði bætt yfirsýn og aukið til muna nákvæmni og öryggi í bókhaldinu. Öllum upplýsingum sem koma fram í NPA innsýn skjölum verkstjórnenda er safnað saman í miðlægt skjal og ef einhverjar breytingar verða, uppfærast skjalið sjálfkrafa. Þetta tryggir réttar millifærslur á 5% framlögum, réttar millifærslur á milli reikninga og að réttar tölur skili sér svo loks inn í bókhaldið. Afstemmingar voru þar að auki gerðar auðveldari svo núna eru þær gerðar mánaðarlega til að gulltryggja að allt sé rétt gert.
- NPA innsýn var endurbætt í upphafi þessa árs. Upplýsingum var bætt við

skjalið og auk þess inniheldur NPA innsýn núna forsiðu með auðlesnum upplýsingum sem sýnir allar lykiltölur. Nú má til dæmis sjá veikinda- og yfirvinnuhlutfall sem kann að nýtast verkstjórnendum við að sækja um greiðslur frá Jöfnunarsjóði, sé um mikil veikindi að ræða hjá aðstoðarfólki.

- Verklagi á milli ráðgjafa og bókhalds var breytt undir lok síðasta árs. Núna staðfesta ráðgjafar að allar upplýsingar séu réttar í Tímon áður en launadeildin reiknar launin. Haldið er utan um stöðu verkþátta og allar athugasemdir varðandi launavinnsluna í sameiginlegu skjali og umræðuþráður var stofnaður í Odoo til að tryggja yfirsýn beggja teyma. Hefur þetta skilað sér í mun færri launaleiðrétt-ingum eftir mánaðamót.
- Til að tryggja enn nákvæmari útreikning á veikindarétti aðstoðarfólks voru veikindaskjöl verkstjórnenda endurbætt til muna undir lok árs. Þessi skjöl halda utan um allar veikindastundir aðstoðarfólks og hvað er mikið eftir af veikindarétti á hverjum tíma.
- Undir lok síðasta árs og á fyrstu mánuðum þessa árs hefur bókhaldsteymið fengið kennslu á bókhaldshlutann í Odoo kerfinu en kerfið hefur þó ekki verið tekið í notkun að fullu. Bókhaldið er enn fært í DK en stefnt er að því að færslurnar verði einnig fluttar í Odoo á þessu ári svo hægt sé að bera kerfin saman. Þetta tvöfalda

bókhald verður nauðsynlegur hluti af því að skipta um bókhaldskerfi svo allar upplýsingar verði réttar frá byrjun.

- Enn er notast við Tímon varðandi tíma-

skráningar og DK varðandi launaútreikninga og launagreiðslur en vonast er til að hvort tveggja færist yfir í Odoo kerfið á næstu mánuðum.





FRÆÐSLUVERKEFNI, NÁMSKEIÐ OG VIÐBURÐIR

GRUNNNÁMSKEIÐ NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Í október 2021 hleypti NPA miðstöðin af stokkunum sex hluta námskeiðsröð um NPA. Námskeið NPA miðstöðvarinnar eru fyrst og fremst ætluð verkstjórnendum, aðstoðarfólki og aðstoðarverkstjórnendum en einnig fólki í bið eftir NPA og öðrum áhugasömum.

Heiti námskeiðanna voru eftirfarandi:

1. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og NPA.
2. Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.
3. Aðbúnaður og hollustuhættir í NPA.
4. Hvaða áhrif hafa lög, reglugerðir og NPA samningar á líf mitt?
5. Líkamsbeiting og hjálpartæki.
6. Skyndihjálp.

NPA ráðgjafar í samstarfi við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þróuðu námskeiðin en jafnframt var leitast við að fá utanaðkomandi sérfræðinga á hverju sviði til að kenna á námskeiðunum. Á heildina hefur fengist jákvæð endurgjöf um námskeiðin og ljóst að uppsöfnuð þörf fyrir fræðslu um margt það sem snýr að NPA var orðin þó nokkur. Mikið vatn hefur síðan runnið til sjávar og eru námskeiðin í stöðugri endurskoðun og þróun.

Í dag eru alla jafna þrjú námskeið í boði, bæði á íslensku og ensku:

1. Sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA.
2. Skyndihjálp, með áherslu á hvernig veita

skuli fötluðu fólki skyndihjálp og mögulegar leiðir fyrir fatlað fólk að veita skyndihjálp.

3. Líkamsbeiting og hjálpartæki.

Með þessari breytingu var leitast við að þétta efni námskeiðanna og takmarka endurtekningar. Efni annara námskeiða kemur fram í einstaklingsfræðslu og ráðgjöf til félagsfólks eftir þörfum.

NPA NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU

NPA miðstöðin hélt 6 námskeið fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk á starfsárinu.

Eftirfarandi námskeið voru haldin í Urðarhvarfinu:

- Líkamsbeiting og hjálpartæki
- Physical Application and Assistive Devices
- Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA
- Independent Living, Roles and Responsibility in NPA

Þá voru tvö námskeið haldin á Akureyri:

- Skyndihjálp
- Sjálfstætt líf, hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA

NPA miðstöðin bauð hins vegar upp á 10 námskeið en þurfti að fella niður 4 þeirra vegna dræmrar skráningar. Það voru annars vegar námskeiðið Skyndihjálp og hins vegar

námskeiðið Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA sem ætlunin var að halda bæði á íslensku og á ensku. Þetta er NPA miðstöðinni hvatning til endurskoðunar á námskeiðunum og til naflaskoðunar á því hvernig hægt sé að hvetja til aukinnar skráningar. Á móti kemur að mikil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum á ensku, einkum fyrir aðstoðarfólk og mikil ánægja með þá viðbót við námskeiðsflóru miðstöðvarinnar.

EINKAFRÆÐSLA

NPA miðstöðin er einnig farin að bjóða upp á einkafræðsluerindi fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra á tíma sem hentar hverjum hóp. Það hefur reynst vel og sérstaklega fyrir nýtt félagsfólk sem er að feta sín fyrstu skref sem verkstjórnendur. Misjafnt er hvort verkstjórnendur kjósi að taka þátt í þeirri fræðslu eða sitji aðeins hluta af fræðslunni en það fer eftir vilja hvers og eins.

FRÆÐSLU- OG FÉLAGASPJALL (JAFNINGJASPJALL)

Á nýliðnu starfsári var boðið upp á þrjú fræðslu- og félagspjöll og voru þá umræðuefnin eftirfarandi:

- NPA Innsýn – ný rekstrarskýrsla, hádegis og kvöldfundur.
- Skipulag vakta yfir hátíðar í aðdraganda jóla.

NPA miðstöðin hefur í gegnum tíðina boðið félagsfólki upp á vettvang til að koma saman, spjalla og bera saman bækur sínar, hér áður fyrr undir yfirskriftinni jafningjaspjall. Stundum hefur verið boðið upp á stutta fræðslu um leið. Á þessum vettvangi getur félagsfólk lært hvert af öðru, enda getur hver verkstjórnandi haft sinn háttinn á því hvernig hann gerir hlutina og dýrmætt fyrir félagsfólk að skiptast á skoðunum og læra hvert af öðru. NPA ráðgjafi er einnig ávallt á staðnum til að svara spurningum.

KYNNING Á NPA FYRIR BÖRN OG FORELDRA ÞEIRRA

Fimmtudaginn 12. september 2024 var NPA miðstöðin með opið hús og bauð upp á kynningu á NPA sem hentugu þjónustuformi fyrir fötluð börn og ungmenni. Fræðslustýra stóð fyrir kynningunni ásamt foreldrum ungs

félagsfólks NPA miðstöðvarinnar. Mikill áhugi var fyrir kynningunni sem var þó ekki ýkja vel sótt en reyndist mjög nýtsamleg þeim sem komu.

FRÆÐSLA UTAN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Öðru hvoru leita utanaðkomandi aðilar til NPA miðstöðvarinnar með ósk um fræðslu um NPA og miðstöðina.

Á nýliðnu starfsári var fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar eftirfarandi:

- Í ágúst var fræðslustýra með kynningu á NPA fyrir félagsráðgjafa taugadeildar Landspítalans. Heppnaðist kynningin vel og voru áheyrendur mjög áhugasöm um að fræðast meira um hvernig NPA þjónustuformið virkar.
- NPA miðstöðin var með fræðsluerindi og kynningu fyrir Akraneskaupstað í desember, að beiðni sveitarfélagsins. Tólf starfsmenn sveitarfélagsins komu til miðstöðvarinnar og ríkti almenn ánægja með heimsóknina og gagnsemi fræðsluerindisins.

Í gegnum tíðina hefur miðstöðin einnig verið fengin til að halda fyrirlestra í háskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og hjá sjúkl-ingasamtökum. NPA miðstöðin vonast til að geta smám saman aukið fræðslu sína út á við, enda teljum við að fræðsla og þar með aukin þekking á NPA úti í samfélaginu styðji við NPA notendur og framkvæmd NPA á landinu og dragi vonandi jafnframt úr fordómum.

FRÆÐSLUNEFND NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Veturinn 2023-2024 var sett á laggirnar fræðslunefnd og er tilgangur hennar að tryggja aðkomu félagsfólks að mótun fræðslustarfs miðstöðvarinnar og auka enn frekar líkur á því að fræðslan sé sniðin að þörfum fatlaðs fólks. Nefndina skipa þau Hallgrímur Eymundsson og Stefán Björn Valtýsson, fyrir hönd félagsfólks, Þorbera Fjölinsdóttir fyrir hönd stjórnar og loks Erna Eiríksdóttir fræðslustýra.

Fræðslunefndin hélt einn fund á starfsárinu, í ágúst 2024. Á fundinum var farið yfir endurgjöf á námskeiðum síðustu ára og

var ákveðið að sameina tvö námskeið, annars vegar námskeiðið Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og NPA og hins vegar námskeiðið Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA. Námskeiðið heitir nú Sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA. Einnig var ákveðið að stefna að myndbandsgerð á þessu ári til að veita verkstjórnendum fleiri verkfæri til þjálfunar á aðstoðarfólki, auk þess sem mögulega verður hægt að nýta myndböndin í vendikennslu. Stefnt er á tvo fundi á komandi starfsári.

FRÆÐSLA 2025-2026 OG TIL FRAMTÍÐAR

NPA miðstöðin hefur metnaðarfulla framtíðarsýn um fræðslu á vegum miðstöðvarinnar. Stefnt er að því að byggja upp og efla fræðslustarfið í áföngum, eftir því sem tæk eru á og miðstöðin stækkar.

NPA miðstöðin ætlar að framleiða myndbönd um NPA, bæði til upplýsinga til almennings og til að efla fræðslu fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk þess. Nýverið fékk NPA miðstöðin styrk að upphæð 1,5 milljón kr. frá ÖBÍ, fyrir myndbandsgerðina. Áætlað er að tækur á myndböndunum hefjist í haust.

FRÆÐSLA Á VEGUM HINS OPINBERA

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið setti upp námskeið um NPA haustið 2021. Mátti skilja upplýsingar frá ráðuneytinu sem svo að forsenda fyrir endurnýjun NPA samninga væri sú að verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra hefðu lokið þessum námskeiðum. NPA miðstöðin gagnrýndi framkvæmdina og síðan þá virðist ráðuneytið hafa fallið frá þessari kröfu.

Á fundi með ráðuneytinu snemma árs 2024 kom fram að ráðuneytið áætlað að betra sé að leggja fræðslu alfarið í hendurnar á NPA umsýsluaðilum og að ætlunin sé að það fyrirkomulag muni koma fram í reglugerðarbreytingu sem nú er unnið að. NPA miðstöðin tekur þátt í samráði um það hvernig námskeiðum verður háttað eftir væntanlega reglugerðarbreytingu.

FÉLAGSFUNDIR

Þegar ástæða þykir til, heldur NPA miðstöðin félagsfundi til að kynna tiltekin málefni og

leita álits félagsfólks á þeim. Þetta eru málefni sem hafa með starfsemi og stefnumótun NPA miðstöðvarinnar að gera eða málefni sem snerta félagsfólk, sem notendur NPA eða beingreiðslusamninga.

Þrír félagsfundir voru haldnir

á nýliðnu starfsári:

- Þann 29. ágúst 2024 var haldinn félagsfundur þar sem félagsfólk miðstöðvarinnar var gefinn kostur á því að ræða og koma með ábendingar um hvernig námskeið og fræðslu félagsfólk óski eftir að NPA miðstöðin bjóði. Fjallað var um kosti þess að byggja upp meiri fræðslu á myndbandsformi og stefna að vendikennslu með umræðutímum, hvort sem er á staðnum eða í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig var rætt um mögulega aðild að Akademies fræðslukerfinu en síðan hefur verið fallið frá því. Kosið var um og samþykkt að NPA miðstöðin mætti setja upp skyldunámskeið fyrir aðstoðarfólk og verkstjórnendur, hvort sem um staðnámskeið eða netnámskeið er að ræða. Undirbúningsvinna er hafin á myndböndum.
- Félagsfundur um kröfu sveitarfélaga um uppgjör á starfsmannakostnaði, fór fram 9. janúar síðastliðinn. Félagsfundurinn var einróma um að mótmæla kröfu sveitarfélaganna og að NPA miðstöðin myndi afla álits frá Persónuvernd um málið. Beðið er eftir úrskurði Persónuverndar.
- Félagsfundur um fyrirhugaða bakvarðarsveit NPA miðstöðvarinnar fór svo fram 27. mars síðastliðinn. Ekki náðist niðurstaða á fundinum um útfærslu á bakvarðarsveitinni en félagsfólk var sammála um að halda skuli áfram að þróa og móta tillögu að bakvarðarsveitinni sem unnt væri að taka upp í náinni framtíð.

AÐRIR VIÐBURÐIR

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin staðið fyrir eða tekið þátt í viðburðum af ýmsu tagi. NPA miðstöðin hefur m.a. staðið fyrir skemmtiviðburðum fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk, opnum fræðslufundum á skrifstofunni, fögnuði í tilefni af afmæli miðstöðvarinnar og lög-

festingu NPA árið 2018, auk þess að taka þátt í ráðstefnum, í sýningunni Hjálpartæki í Laugardalshöll, Freedom Drive í Brussel og áfram mætti telja.

Skemmtiviðburðir

Í gegnum tíðina hafa komið fram óskir frá bæði félagsfólki og aðstoðarfólki um að miðstöðin byði upp á viðburði sem snúast um annað en NPA, t.d. einhverskonar skemmtiviðburði. Á móti eru svo önnur sem telja það ekki hlutverk NPA miðstöðvarinnar að bjóða slíkt. Engu að síður finnst mörgum fengur í því að geta skemmt sér meðal jafningja og án þess að þurfa að hafa áhyggjur af aðgengi. Jafnframt eru fordæmi fyrir annars konar viðburðum hjá systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og mörg þeirra bjóða ekki eingöngu upp á námskeið um NPA heldur einnig námskeið um ýmislegt annað, sem og skemmtiviðburði og hafa af því góða reynslu. NPA miðstöðin hefur undanfarin ár reynt að fara millivegin og boðið upp á einhverja

skemmtiviðburði á hverju ári, yfirleitt einn til tvo talsins.

Á nýliðnu starfsári voru haldnir 2 skemmtiviðburðir, annars vegar í aðdraganda jólahátíðarinnar og hins vegar fyrir páska.

Jólaþósi

Þann 28. nóvember 2024 var haldið Jólaþósi hjá NPA miðstöðinni fyrir félagsfólk og starfsfólk skrifstofu. Fólk mætti ásamt börnum sínum og átti notalega stund við piparkökuskreytingar og föndur undir ljúfri jólatónlist.

Páskakósi

Oft hefur verið talað að um að gera eitthvað meira saman með hækkandi sólu. Í þeim anda, á fallegu vorkvöldi þann 8. apríl síðastliðinn, kom félagsfólk og starfsfólk skrifstofu, ásamt fjölskyldum, saman til að taka smá forskot á súkkulaðisæluna fyrir komandi páskahátíð. Í boði var að lita skrautegg, búa til páska origami og smakka á fjölbreyttum tegundum af gómsætum páskaeggjum.



KYNNINGARSTARF OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Í félagi eins og NPA miðstöðinni er nauðsynlegt að miðla reglulega upplýsingum um ýmislegt sem tengist NPA og starfsemi miðstöðvarinnar, til félagsfólks og aðstoðarfólks. Auk þess vekur NPA miðstöðin athygli á málefnum fatlaðs fólks með ýmsum hætti, hvort sem er á samfélagsmiðlum, með greinaskrifum eða auglýsingaherferðum.

VEFSÍÐA NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Á vormánuðum var vefsíða NPA miðstöðvarinnar, **www.npa.is**, færð yfir í Odoo kerfið þannig að vefsíðan er nú orðin hluti af Odoo. Vefsíðan vinnur þar af leiðandi með öðrum hlutum kerfisins, eins og viðburðahlutanum (Event) og ráðningahlutanum (Recruitment), svo dæmi sé tekið. Jafnframt mun félagsfólks og aðstoðarfólk geta skráð sig inn á sín svæði í Odoo í gegnum vefsíðuna þegar fram líða stundir. Samhliða því að vefsíðan var færð yfir í Odoo, var útliti vefsins breytt, upplýsingum bætt við vefinn og texti endurskrifaður með nýjum áherslum.

Virgni vefsíðunnar jókst verulega í lok árs 2023 og á nýliðnu starfsári voru reglulega birtar greinar, viðtöl og annað efni á vefsíðunni sem getur nýst bæði verkstjórnendum og aðstoðarfólki.

Lengi hefur staðið til að endurnýja vefsíðu NPA miðstöðvarinnar nánast frá grunni en tilgangur þeirra fyrirætlaða er í meginráttum eftirfarandi:

- Setja upp vefsíðu samkvæmt ýtarlegri þarfagreiningu, svo vefsíðan nýtist sem best.
- Bæta við efni á vefsíðu og bæta þar með upplýsingagildi vefsins.
- Endurhanna vefsíðu þannig að hún verði fallett og betur í takt við merki og ásýnd NPA miðstöðvarinnar.
- Nýta nýjar lausnir sem auka notagildi vefsins.
- Bæta aðgengi vefsíðunnar.

Vísir að nýju veftré hefur lengi legið fyrir og vinna við textaskrif er komin ágætlega á veg en frekari vinnsla á vefnum, umfram það sem var nefnt hér fyrir ofan, hefur frestast þar sem setja þurfti önnur verkefni í forgang.

VERKSTJÓRNENDAHANDBÓK

NPA miðstöðin gaf út rafræna verkstjórnendahandbók, **handbok.npa.is**, á afmælisdegi sínum, þann 16. júní 2020. Handbókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir félagsfólk NPA miðstöðvarinnar en handbókin og skjalasafn hennar eru jafnframt opin öllum þeim sem vilja kynna sér efni hennar, óháð því hvort viðkomandi nýtir sér miðstöðina sem umsýsluaðila eða ekki. Verkstjórnendahandbókin er hugsuð sem alls herjar uppflettirit fyrir NPA notendur og í henni er fjallað um flest allt sem lítur að NPA, allt frá samningagerð, verkstjórn og tímavinnu, upp í hugmyndafræði NPA.

Efni handbókarinnar er reglulega í endurskoðun og er handbókin þess eðlis að gera má

ráð fyrir að hún verði í sífelldri þróun og muni t.d. þróast í takt við breytingar á kjaraumhverfi, regluverki NPA og eftir áherslum NPA miðstöðvarinnar hverju sinni. Enn á eftir að myndskreyta handbókina og lagfæra tiltekna þætti.

HANDBÓK FYRIR AÐSTOÐARFÓLK

Langt er síðan byrjað var að skrifa handbók fyrir aðstoðarfólk og er sú vinna stöðugt í gangi þó ekki hafi gefist svigrúm til að setja þá vinnu í forgang. Verkið er umfangsmikið enda margt sem þarf að útskýra og standa skil á gagnvart aðstoðarfólki og einnig þarf að huga að samráði við verkstjórnendur og aðstoðarfólk. Þegar textaskrifum verður lokið verður handbókin sett á vefinn með sambærilegum hætti og handbók verkstjórnenda. Á þessu stigi er ekki hægt að áætla hvenær handbók aðstoðarfólks verður tilbúin.

ÚTSENDING UPPLÝSINGAPÓSTA KOMIN Í FASTAN FARVEG

NPA miðstöðin sendir félagsfólki og aðstoðarfólki upplýsingapósta flesta mánuði ársins og hefur nú gert það með reglubundnum hætti í rúmt ár. Þegar Ágústa textasmiður hóf störf hjá miðstöðinni, seint árið 2023, skapaðist svigrúm til fleiri verka sem gerði miðstöðinni kleift að koma útsendingu upplýsingapósta í fastan farveg.

Á nýliðnu starfsári voru sendir 10 upplýsingapóstar til félagsfólks miðstöðvarinnar. Í þeim má finna ýmiskonar hagkvæmar upplýsingar t.d. um námskeið og viðburði sem eru á döfinni hjá NPA miðstöðinni, álagsgreiðslur á hátíðisdögum, gerð ferðasamninga, skipulag sumarfría o.fl. Einnig er bent á ýmsa þjónustu sem NPA miðstöðin býður upp á og mál sem ráðgjafar geta aðstoðað við.

Ekki allt efni upplýsingapósta til félagsfólks, á erindi til aðstoðarfólks, eins og t.d. upplýsingar um félagsfundi, gerð ferðasamninga o.fl. Upplýsingapóstar til aðstoðarfólks innihalda þar af leiðandi hluta af efni upplýsingapósta til félagsfólks eins og t.d. upplýsingar um námskeið og um kjarasamninga, auk upplýsinga t.d. um siðasáttmála og samfélagsmiðla NPA miðstöðvarinnar og ekki síst þá þjónustu sem aðstoðarfólk getur sótt til NPA miðstöðvarinnar. Á nýliðnu starfsári voru aðstoðarfólki sendir 10 upplýsingapóstar.

NPA FRÉTTABRÉFIÐ

Lengi hafði verið stefnt að því að NPA miðstöðin gæfi út fréttabréf. Það varð að veruleika þann 14. september 2023 þegar fyrsta tölublað af NPA fréttabréfinu var sent til félagsfólks og aðstoðarfólks. Þrjú fréttabréf voru gefin út þann veturinn, á fyrsta útgáfuárinu.

Í NPA fréttabréfunum má finna fjölbreytt efni, meðal annars viðtöl við félagsfólk miðstöðvarinnar um lífið og tilveruna og fréttæfni um ýmislegt úr NPA heiminum eða frá starfi miðstöðvarinnar, ásamt upplýsingum um helstu námskeið og viðburði á vegum NPA miðstöðvarinnar. Stefnt er að því að fjölga tölublöðum NPA fréttabréfisins á ársgrundvelli þegar fram líða stundir.

Á síðasta starfstímabili voru send út 2 fréttabréf, annað í júlí 2024 og hitt í september.

Í fyrra fréttabréfinu var m.a. viðtal við Sigurð Egil Ólafsson, trúnaðarmann NPA aðstoðarfólks hjá stéttarfélaginu Eflingu. Einnig var umfjöllun um ferð fulltrúa NPA miðstöðvarinnar til Drammen til að sitja fyrsta staðfund frá stofnun NCCPA (Nordic Competence Center on Personal Assistance), sem er samráðsvettvangur hagsmunafélaga fatlaðs fólks með NPA á Norðurlöndunum sem var stofnaður á haustmánuðum 2023.

<https://sway.cloud.microsoft/9cNuRb-v82a4Dd3WH?ref=Link>

Í seinna fréttabréfinu var viðtal við Kolbrúnu Dögg Kristjánsdóttur, sviðslistakonu, um leikverkið Taktu flugið, beibí! og fjallað um þátttöku NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive sem fór fram í Brussel í Belgíu.

<https://sway.cloud.microsoft/9cNuRb-v82a4Dd3WH?ref=Link>

SAMFÉLAGSMIÐLAR

NPA miðstöðin hefur áfram lagt áherslu á að vera sýnileg á liðnu starfsári, sérstaklega á samfélagsmiðlum. NPA miðstöðin heldur úti Facebook síðu og birtir efni á henni nánast daglega. Fylgjendum síðunnar heldur áfram að fjölga og eru nú ríflega 3.500 talsins. Facebook síðan er ágætis fréttaveita um málefni fatlaðs fólks á Íslandi og erlendis í víðu sam-

hengi. Á síðunni er t.d. deilt samfélags- og stjórnmálafréttum, fræðsluefni, upplýsingum um viðburði, listir, léttu efni o.fl. sem allt tengist fötluðu fólki eða þar sem málefni fatlaðs fólks er í brennidepli.

NPA miðstöðin heldur einnig úti hópi á Facebook sem ber nafnið **Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi**. Hópurinn er vettvangur fyrir öll áhugasöm til að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA. Á þessum tímamarki eru tæplega 550 aðilar í hópnum.

NPA miðstöðin er einnig á **Instagram** og birtir öllu jafna nokkra pósta þar á mánuði á en suma mánuði er virknin mun meiri. NPA miðstöðin birtir t.d. reglulega upplýsingar á Instagram um námskeið og viðburði miðstöðvarinnar og ýmislegt fleira, auk þess sem ýmis konar efni er birt í „story“. Fylgjendur miðstöðvarinnar á Instagram eru í dag 548 talsins.

Loks má nefna að NPA miðstöðin safnar greinum og flestu efni sem birt er á Facebook síðu miðstöðvarinnar, í flokkað safn á **Pinterest**. Á Pinterest má þar af leiðandi finna nokkurn gagnabrunn af fréttum og öðru efni þar sem fjallað er um fatlað fólk.

KYNNINGARSTARF

NPA miðstöðin lítur á það sem eina af sínum skyldum að vekja athygli á málefnum fatlaðs fólks og leggja með því móti baráttunni fyrir NPA lið. Í því felst m.a. að auka sýnileika fatlaðs fólks og stuðla að því að málefnum þess sé veitt brautargengi, m.a. með því að birta áhugavert efni tengt málefnum fatlaðs fólks og NPA á samfélagsmiðlum miðstöðvarinnar, að skrifa greinar og mæta í viðtöl í fjölmiðlum, með kynningar- og markaðsverkefnum, auk þátttöku í alþjóðlegri baráttu fyrir réttinum til sjálfstæðs lífs o.s.frv.

Grafík um jákvæð áhrif NPA birt á samfélagsmiðlum

Í kjölfar mikillar fjölmiðlaumfjöllunar um NPA í september 2024, birti NPA miðstöðin grafík á samfélagsmiðlum í lok mánaðarins, sem sýndi niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var af Rannsóknasetri í fötluunarfræðum árið 2016 og sýndi fram á afgerandi jákvæð áhrif NPA á lífsgæði fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra.

Samfélagsmiðlaherferð í aðdraganda Alþingiskosninga 2024

Þann 30. nóvember síðastliðinn var kosið til Alþingis. Í aðdraganda kosninganna lá fyrir að formlegu innleiðingarferli um NPA væri við það að ljúka, þá um áramótin og að í framhaldinu yrði NPA málaflokkurinn líklega skilinn eftir í nokkurri óvissu. Fyrir vikið vildi NPA miðstöðin skapa vettvang til að rödd fatlaðs fólks heyrðist og leitast við að koma NPA í umræðuna fyrir kosningar. Í þeim tilgangi setti miðstöðin herferð í loftið á Instagram og Facebook. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar, sem einnig eru NPA verkstjórnendur, sáu um Instagram reikning miðstöðvarinnar, í sólarhring í senn og gáfu innsýn í líf sitt og hvernig NPA nýtist þeim til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Þátttakendur í herferðinni, allt félagsfólk NPA miðstöðvarinnar, voru:

- Andri Valgeirsson, tæknistjóri hjá NPA miðstöðinni og NPA verkstjórnandi.
- Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, ritstýra NPA fréttablaðsins og textasmiður hjá NPA miðstöðinni og NPA verkstjórnandi.
- Áslaug Ýr Hjartardóttir, ritlistarnemi og NPA verkstjórnandi.
- Brandur Bryndísarson Karlsson, frumkvöðull, myndlistarmaður og NPA verkstjórnandi.
- Jóna Ottesen, skipuleggjandi, viðburðarstjóri og NPA verkstjórnandi.
- Margrét Lilja Arnheiðardóttir, háskólanemi, sjálfstætt starfandi og NPA verkstjórnandi.
- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar og NPA verkstjórnandi.
- Sóley Björk Axelsdóttir, áhugaleikari og NPA verkstjórnandi.
- Þorbera Fjölnisdóttir, félagsmálafrík og NPA verkstjórnandi.

Góður rómur var gerður að herferðinni og vakti hún þó nokkra athygli. NPA miðstöðinni bárust margar fyrirspurnir um NPA og fylgjendum á samfélagsmiðlum miðstöðvarinnar fjölgaði verulega. Hægt er að skoða herferðina í „Highlights“ á Instagram, undir nafninu Kosningar 2024.

Á meðan herferðin var í gangi, birtist grein á Vísi, þann 26. október 2024, eftir Ágústa Örne Sigurdórsdóttur, textasmið hjá NPA miðstöðinni. Í grein sinni, sem bar yfirskriftina „Að lifa sjálfstæði lífi“, lýsti Ágústa lífi án NPA, lífi þar sem viðkomandi ræður ekki hvenær hann borðar, hvenær hann fer að háttu, fari í sturtu, í stuttu máli lífi án sjálfstæðis.

<https://www.visir.is/g/20242640555d/ad-li-fa-sjalfstaedu-lifi>

Spurningar sendar til stjórnmalaflokkanna

Í viðleitni til að fá fram stefnu stjórnmalaflokka-anna varðandi NPA, sendi NPA miðstöðin þrjár spurningar til þeirra flokka sem voru í framboði fyrir kosningarnar í lok nóvember 2024.

Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvað er NPA?
- Hver er stefna flokksins um NPA?
- Hvernig hyggst flokkurinn taka á biðlistum eftir NPA, sé það stefna flokksins?

Allir flokkar, nema Ábyrg framtíð, svöruðu spurningum NPA miðstöðvarinnar.

Svör allra flokka (nema Ábyrg framtíðar sem ekki svaraði), voru birt á samfélagsmiðlum og vefsíðu miðstöðvarinnar. Var það m.a. gert í von um að svörin gætu auðveldað þeim sem vildu setja málefni NPA í forgang, að gera upp hug sinn varðandi val á flokki.

FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN

Mikil umfjöllun um NPA í september 2024

Í september 2024 hóf RÚV nokkuð umfangsmikla umfjöllun um NPA og vatt sú umfjöllun upp á sig svo úr varð mikil umfjöllun um NPA í ýmsum fjölmiðlum.

Hafði beðið í sex ár eftir nauðsynlegri þjónustu

Þann 18. september 2024 var fjallað um mál Óskars Kemp í Kastljósi á RÚV. Óskar lenti í alvarlegu slysi árið 2018 en sex árum síðar var hann ekki enn kominn með nauðsynlega þjónustu og NPA samningur sem samþykktur var árið 2021 hafði ekki verið fjármagnaður, þegar fjallað var um mál hans síðastliðið haust.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-09-19-synjad-um-thjonustu-sem-laeknar-segja-naudsynlega-422140>

„Það er fólk að deyja á meðan það bíður“

Umfjöllun RÚV um NPA hélt áfram daginn eftir, þann 19. september, en þá var birt áhrifaríkt viðtal við Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formann NPA miðstöðvarinnar, í kvöldfréttum RÚV. Rúnar sagði dæmi um að sveitarfélög neituðu að setja fólk á biðlista eftir NPA þjónustu eða reyni að sannfæra fatlað fólk um að sækja ekki um NPA. Tugir væru á biðlista eftir þjónustunni en þeir einstaklingar þyldu ekki of mikla bið og dæmi væru um að fólk léti lífið á meðan það biði eftir NPA þjónustu.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-09-19-bidin-eftir-mpa-thad-er-folk-ad-deyja-a-medan-thad-bidur-422204>

Óboðlegt að fatlað fólk fái ekki lögbundna þjónustu

Þann sama dag, 19. september, var birt viðtal við Rúnar á Vísi. Rúnar sagði það óboðlegt að fatlað fólk fái ekki lögbundna NPA þjónustu og bíði árum saman á meðan ríki og sveitarfélög bendi hvort á annað varðandi hver beri ábyrgð.

<https://www.visir.is/g/20242623471d/-fatlada-folkid-verdur-fyrir-miskanum>

Farsakennt flækjustig þegar sótt er um NPA

Að kvöldi 18. september, í kjölfar umfjöllunar um Óskar Kemp í Kastljósi, var birt viðtal á Vísi, við Harald Inga Þorleifsson, frumkvöðul og baráttumann. Í viðtalinu lýsti Haraldur ótrúlegri þrautagöngu sinni þegar hann sótti um NPA og farsakenndu flækjustigi á öllum stigum. Haraldur gagnrýndi stjórnvöld harðlega.

<https://www.visir.is/g/20242623262d/enda-laus-thrautaganga-haraldar-eftir-svorum>

Íhuguðu málsókn gagnvart sveitarfélögum

Þann 19. september 2024, var svo rætt við Harald Inga Þorleifsson um stöðu NPA málaflokksins í kvöldfréttum Stöðvar 2 og á Vísi.

Haraldur sagði of lítið fjármagn til sveitarfélaga valda því að þau nái ekki að standa undir lögbundinni þjónustu og sagði að ríkið hljóti að bera endanlega ábyrgð.

<https://www.visir.is/g/20242623611d/-kerfid-er-algjorlega-ad-bregdast-folkinu->

Sveitarfélög fari fram á skýr svör frá ríkinu

Þann 20. september 2024, birti Vísir viðtal við Heiðu Björk Hilmisdóttur, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sagði Heiða allt of marga bíða eftir lögbundinni NPA þjónustu frá sveitarfélögunum og að sveitarfélögin fari fram á skýr svör frá ríkinu um hvort fjármagna eigi málaflokkinn eða ekki.

<https://www.visir.is/g/20242623852d/bidin-oasaettanleg-og-vill-skyr-svor-fra-rikinu>

Hræddur um að kerfið væri að ganga frá eiginkonu sinni

Í kvöldfréttum Stöðvar 2, þann 21. september 2024, var rætt við Arnar Þórðarson sem er með MND sjúkdóminn og hafði þá í þrjú ár þurft að berjast við Kópavogsbæ til að fá fulla umönnun vegna veikinda sinna. Sagðist Arnar hræddur um að kerfið væri að ganga frá eiginkonu sinni sem væri hans eini stuðningur.

<https://www.visir.is/g/20242624312d/med-banvaenan-sjukdom-i-stodugri-barattu-vid-kopavogsbae>

„Ríkið uppfyllir allar sínar skyldur“

Í viðtali Vísis, 22. september 2024, við Guðmund Inga Guðmundsson, þáverandi félagsmálaráðherra, sagði hann að ríkið uppfyllti allar sínar skyldur hvað varðar fjármögnun NPA samninga og sagðist vonast til að sveitarfélögin leysi úr vandanum sem blasi við þeim hvað varðar fjármögnun samninganna.

<https://www.visir.is/g/20242624504d/vonar-ad-sveitarfelogin-leysi-ur-npa-vandanum>

Óásættanlegt að ríkið vísi málinu til sveitarfélaga

Seinna þann sama dag, 22. september, var birt viðtal við Heiðu Björk Hilmisdóttur, for-

mann Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sagði að það væri óásættanlegt að ríkið vísi málinu algjörlega til sveitarfélaganna og átti þá við ummæli félagsmálaráðherra frá því fyrr þann sama dag.

<https://www.visir.is/g/20242624651d/oa-saettanlegt-ad-visa-npa-vandanum-alfar-id-til-sveitarfelaga>

Garðabær mátti ekki skerða fjölda tíma NPA samnings

Þann 24. september fjallaði Vísir um mál ellefu ára gamallar fatlaðrar stúlku með NPA en Úrskurðarnefnd velferðarmála hafði þá nýverið úrskurðað í máli hennar gegn sveitarfélaginu Garðabæ. Í úrskurðinum kom fram að Garðabæ var óheimilt að skerða NPA þjónustu stúlkunnar á þeim forsendum að foreldrar hennar hafi umönnunar- og forsjárskyldu sem slíkir.

<https://www.visir.is/g/20242625439d/gardabae-oheimilt-ad-skerda-thjonustu-vid-ellefu-ara-stulku>

Vildi ekki vera byrði á fjölskyldu sinni

Þann 24. september 2024 var birt viðtal við Jónu Ottesen á Vísi. Sagði Jóna að brotið væri á mannréttindum fatlaðs fólks, barna þeirra og fjölskyldna. Um biðtíma sinn eftir NPA, sagði Jóna: „Þegar ég hugsa til baka þá fæ ég bara kökk í hálsinn. Og að horfa upp á manninn sinn bara brenna út,“ sagði Jóna en verst þótti henni hve mikið þetta ástand hafi bitnað á dóttur sinni.

<https://www.visir.is/g/20242625726d/-the-gar-eg-hugsa-til-baka-tha-fae-eg-bara-kokki-halsinn->

Rödd félagsfólks NPA miðstöðvarinnar

Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar hefur einnig látið í sér heyra á opinberum vettvangi til að vekja athygli á stöðu NPA mála eða vegna ýmiskonar verkefna sem það hefur unnið að. Neðangreint er ekki tæmandi listi en gefur ágæta innsýn í hvernig fatlað fólk lætur að sér kveða á ýmsum sviðum samfélagsins.

„NPA gerir þér kleift að lifa sjálfstæðu lífi og það er algjörlega raunin“

Viðtal við Ísak Sigurðsson, í hljóðvarpinu 4. vaktin, var sett í loftið 22. janúar síðastliðinn. Í viðtalinu lýsti Ísak því hvernig NPA breytti lífi hans til hins betra. Ísak hefur setið í stjórn samtakanna FSMA, sem er félag einstaklinga sem eru með SMA sjúkdóminn, Spinal Muscular Atrophy og aðstandenda þeirra á Íslandi.

<https://open.spotify.com/episode/OSzqOG6GSFukcp1w6yBbtP>

Líf í stofufangelsi

Í kvöldfréttum Stöðvar 2, þann 7. mars síðastliðinn, var rætt við Björk Sigurðardóttur um langan biðtíma hennar eftir NPA. Sagðist Björk upplifa lífið eins og stofufangelsi en á þeim tíma var hún með þjónustu í fjórar klukkustundir á viku þó viðurkennd þörf hennar fyrir aðstoð væri 320 klukkustundir á mánuði.

<https://www.visir.is/g/20252698284d/upp-lifir-lifid-eins-og-stofu-fangelsi>

Meira brosað með NPA

Sveinbjörn Eggertsson stjórnarmaður í stjórn Átaks, félagi fólks með þroskahömlun, lýsti því hvernig NPA hefði breytt lífi sínu til góðs, í yndislegri grein sem birtist á Vísi, 22. apríl síðastliðinn. „Ég er miklu sjálfstæðari en ég var. Ég brosi miklu meira. Ég er meira félagslega opinn,“ sagði Sveinbjörn.

<https://www.visir.is/g/20252717161d/npa-breytti-lifinu-minu>

Skipulagði barnahátíðina Kátt á Klambra

Þann 5. júní 2024, birti RÚV viðtal við Jónu Elísabetu Ottesen sem lét á síðasta ári, draum sinn rætast um að koma barnahátíðinni Kátt á Klambra, sem hún hafði skipulagt áður en hún slasaðist, aftur á köppinn.

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-dae-gurm/2024-06-05-lifid-gjorbreyttist-eftir-alvarlegt-umferdarslys-414978>

Hanna fót fyrir fatlað fólk

Þann 29. júní 2024 birtist viðtal á DV, við Margréti Sigríði Guðmundsdóttur, stjórnarkonu í

NPA miðstöðinni. Margrét og aðstoðarkona hennar, Anna Sigríður Haraldsdóttir, hafa fengið þrjá styrki til að vinna að hugmynd Margrétar um að hanna fót fyrir fatlað fólk.

<https://www.dv.is/fokus/2024/6/29/barattu-konan-margret-um-barattuna-vid-ms-sjukdominn-og-afallid-sem-hjonaskilnadurinn-var-thetta-var-versta-tima-lifs-mins>

Margfaldur Íslandsmeistari, Ólympíufari og íþróttakona ársins

Sonja Sigurðardóttir, sundkona, lenti í sjöunda sæti í 50 metra baksundi á Ólympíumóti fatlaðra í París, 2. september 2024 og setti um leið Íslandsmet.

<https://www.ruv.is/frettir/ithrottir/2024-09-02-sonja-a-nyju-islandsmeti-i-sjounda-saeti-421003>

Sonja var svo valin íþróttakona ársins 2024, þann 11. desember, af Íþróttasambandi fatlaðra, en þetta var í fimmta sinn sem hún hlaut titilinn.

<https://www.visir.is/g/20242662806d/sonja-skaradi-fram-ur-mestu-mali-skiptir-ad-hafa-tru-a-sjalfum-ser>

Taktu flugið beibi!

Leikritið „Taktu flugið, beibi!“ eftir Kolbrúnu Dögg Kristjánsdóttur var frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í september 2024. Verkið byggist á lífshlaupi og lífsreynslu höfundarins sem fer einnig með aðalhlutverkið í sýningunni. Sögupersónan leiðir áhorfendur í gegnum líf sitt sem manneskja með líkamlega skerðingu sem ágerist með aldrinum. Hlýða mátti á neðangreint viðtal við Kolbrúnu, í Lestinni á Rás 1, þann 14. september síðastliðinn.

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-dae-gurm/2024-09-14-vissi-sem-barn-ad-henni-var-aetlad-serstakt-hlutverk-i-lifinu-421716>

Rætt var við Kolbrúnu Dögg og aðra aðstandendur sýningarinnar „Taktu flugið, beibi!“ í Rauða borðinu þann 23. september 2024. Viðtalið hefst á 3:02:00.

<https://www.youtube.com/watch?v=klTnow-TlvWO&t=51s>

Trausti Ólafsson, sviðslistagagnrýnandi Víðsjár á Rás 1, mælti með leiksýningu Kolbrúnar og sagði hana veita áhorfandanum tækifæri til að gleðjast með því sigurveki sem birtist fyrir augum og eyrum hans.

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-dae-gurmal/2024-09-25-taktu-flugid-beibi-tof-rar-sigursins-sem-gledja-augu-eyru-hug-og-hjarta-422960>

Í viðtali sem birtist í fréttabréfi NPA miðstöðvarinnar í september 2024, ræddi Kolbrún „Taktu flugið, beibi!“ og nám sitt á sviðslistabraut en hún var fyrsti nemandinn á sviðslistabraut sem notaði hjólastól og um samstarf sitt við Þjóðleikhúsið í kjölfar málþings sem braut niður ósýnilega múra.

<https://www.npa.is/blog/greinar-3/sa-listn-amid-sem-politiskan-gjorning-86>

Gleðibomban Dúettar

Þorbera Fjölisdóttir, stjórnarkona í NPA miðstöðinni tók, ásamt syni sínum, þátt í dansviðburðinum „Dúettar“ sem var hluti af Reykjavík Dance Festival, þann 16. nóvember 2024.

<https://tix.is/event/18273/duettar-reykjavik-dance-festival>

Listamaður á ferð og flugi

Brandur Bryndísarson Karlsson, listamaður og frumkvöðull, malar myndir með munninum og hefur farið víða með list sína undanfarið. Brandur setti upp sýningu á verkum sínum að Hverfisgötu 94 í október 2024 en sú sýning var áfangi á leið hans til listahátíðarinnar „Litir án landamæra: Menn-ingarbrú á milli ólíkra þjóða“, sem hann stóð fyrir í Katmandu í Nepal í nóvember og desember 2024. Var Nepölum boðið að koma og skapa list með aðstandendum sýningarinnar og í kjölfarið var haldin listasýning í Nepal

sem stefnt er að því að verði sýnd á Íslandi á þessu ári.

<https://www.karolinafund.com/project/view/6334>

Brandur hefur sýnt list sína víðar undanfarna mánuði, þar á meðal á samsýningunni „Sögur í Gerðubergi“ í febrúar og í Heong Gallery í Cambridge, í Bretlandi í byrjun mars:

<https://www.obis.is/vidburdir/listasynin-gin-sogur-i-gerdubergi/>

<https://magmarising.org/events/meet-the-artist-brandur-karlsson>

Brandur ræddi einnig lífið, listina og ferðalög á Samstöðinni, sem birt var 11. febrúar 2024.

<https://www.youtube.com/watch?v=rOvMRI-duzYo>

Kokteill á leiksviði

Sóley Axelsdóttir er meðlimur í Halaleikhópnum og hefur leikið í fjölda sýninga á vegum hópsins. Sóley tók þátt í uppsetningu á leiklesturssýningunni Kokteill sem Guðjón Sigvaldason skrifaði og leikstýrði. Kokteill var frumsýndur 1. mars 2025.

<https://halaleikhopurinn.is/frettir/279-kokteill-frumsyndur-1-mars>

Rampur númer 1.756

Margrét Lilja Arnheiðardóttir, varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar, vígði síðasta rampinn sem settur var upp í tengslum við átakið Römpum upp Ísland, fyrir utan aðalbyggingu Háskóla Íslands, þann 14. mars síðastliðinn.

<https://www.visir.is/g/20252701440d/sidasti-rampurinn-vigdur-vid-haskola-is-lands-i-dag>





SAMSTARFSVERKEFNI

NPA miðstöðin tekur þátt í ýmis konar erlendu samstarfi en það er breytilegt á milli ára hversu mikið það er og hvað stendur upp úr hverju sinni.

SAMSTARF VIÐ NORÐURLÖNDIN

Árið 2023 stofnuðu 10 félög á Norðurlöndunum, sem hafa hugmyndafræðina um sjálfstætt líf að leiðarljósi, samstarfsvettvanginn Nordic Competence Center on Personal Assistance (NCCPA). Markmið NCCPA er meðal annars að halda utan um verklag um NPA á Norðurlöndunum og gera samanburð á milli landa.

Félögin 10 eru:

- Frá Íslandi: NPA miðstöðin
- Frá Noregi: Uloba, JAG
- Frá Svíþjóð: STIL, JAG, ILI (Independent Living Institute), GIL
- Frá Finnlandi: Kynnys, JAG
- Frá Danmörku: LOBPA

Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar, þau Erna fræðslustýra og Þorbera og Hallgrímur úr stjórninni, sóttu nýverið annan árlegan fund NCCPA sem haldinn var dagana 6.-9. maí síðastliðinn í Helsinki í Finnlandi, um svipað leyti og NNDR ráðstefnan var haldin. Á fundinum kynntu þátttakendur áherslur í starfi félaganna og ræddu áframhaldandi hindranir gegn NPA á Norðurlöndunum. Ákveðið var að vinna að sam Norrænni könnun meðal fatlaðs fólks með NPA, um upplifun þeirra á kerfi hins opinbera. Meiningin er að þáttökulönd muni

geta notað niðurstöður úr könnuninni sem hjálpartæki í hagsmunabaráttu sinni.

Almennt funda fulltrúar NCCPA með rafrenum hætti og stundum í minni hópum en næsti fundur, þar sem öll hittast, verður haldinn dagana 10.-12. maí 2026 á Íslandi.

ERINDI Á NNDR RÁÐSTEFNUNNI

Auk þess að funda með NCCPA, tók NPA miðstöðin þátt í málstofu þann 8. maí, á Nordic Network on Disability Research (NNDR) ráðstefnunni sem haldin var í Helsinki. NNDR er stærsti fötunarfræðiviðburður heims og er það mikill heiður að vera meðal þeirra sem valin voru til að flytja erindi á ráðstefnunni. Að málstofunni stóðu einnig systurfélög NPA miðstöðvarinnar sem mynda Nordic Competency Center on Personal Assistance (NCCPA). Erindi NPA miðstöðvarinnar, sem Erna og Þorbera fluttu, fjallaði um skýrslu sem NCCPA hefur unnið að sem ber heitið Good Practices in Personal Assistance in the Nordic Countries.

RAFRÆN RÁÐSTEFNA Í SAMSTARFI VIÐ INNOVAR AUTISMO

Portúgölsku samtökin Inovar Autismo óskuðu árið 2023, eftir samstarfi við NPA miðstöðina, til að vinna að verkefni sem fékk yfirskriftina Bilateral Cooperation Initiative. Í kjölfarið voru haldnir nokkrir fundir, bæði rafrænir og staðbundnir.

Þann 29. júlí 2024 stóðu NPA miðstöðin og Inovar Autismo svo fyrir rafrænni ráðstefnu um NPA og helstu birtingarmyndir og útfærslur á þjónustunni, bæði hér heima á

Íslandi og í Portúgal. Innovar Autismo leggur sérstaka áherslu á samfélagslega nálgun á NPA og stendur fyrir verkefnum samhliða umsýsluhlutverki sínu sem miða að vitundarvakningu eða auknu aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Félagsfólk Innovar Autismo er allt einhverft og er starfsemi og þjónusta félagsins sniðin að þörfum þess og tekur útfærslan á NPA mið af því.

Á ráðstefnunni voru einnig fulltrúar úr fræðasamfélaginu í Portúgal ásamt fulltrúa frá ÖBÍ réttindasamtökum. Ráðstefnan heppnaðist prýðilega vel og sköpuðust áhugaverðar umræður sem vöktu vonandi athygli og áhuga út fyrir ráðstefnuna. Sú innsýn sem miðstöðin öðlaðist í samstarfi sínu við Innovar Autismo hefur veitt miðstöðinni aukna þekkingu og ný tæki til að þjónusta fólk með einhverfu eða sambærilegar fatlanir.

ENIL OG FREEDOM DRIVE

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL) frá árinu 2017.

Ein af lykilherferðum samtakanna er Frelsisgangan (Freedom Drive). Annað hvert ár standa samtökin fyrir viðburði í Brussel í Belgíu þar sem aðildarfélögum, systursamtökum og fötluðu fólki er boðið að taka þátt í nokkurra daga dagskrá sem nær hámarki með kröfugöngu, sem ber heitið Freedom Drive. Fyrsta gangan var haldin í Strassborg árið 2003 en gangan var færð til Brussel árið 2015, samhliða opnun skrifstofu ENIL í Brussel.

NPA miðstöðin sendi fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive árin 2011, 2017, 2019, 2022 og 2024. Í gegnum árin hafa fulltrúar NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive samanstaðið af stjórnarfólki, starfsfólki skrifstofu og félagsfólki.

Næsta Freedom Drive verður haldið í Brussel á næsta ári, 2026. NPA miðstöðin mun að sjálfsögðu senda fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive á næsta ári enda hafa þátttakendur ávallt talað um hve viðburðirnir í heild sinni séu lærdómsríkir og hve krafturinn í kröfugöngunni sé mikill.



HAGSMUNAGÆSLA OG RÉTTINDAMÁL

KÆRUR OG MÁLSKOT

NPA miðstöðin hefur á liðnum árum barist ötullega fyrir rétti fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og persónulegrar aðstoðar og mun halda því áfram, svo lengi sem þörf er á. Miðstöðin hefur látið reyna á margvísleg álitamál sem tengjast framkvæmd þjónustunnar og ákvörðunum sveitarfélaga um afgreiðslu á umsóknum um nýja þjónustu eða breytingar á þjónustunni. Þá hefur NPA miðstöðin reynt að stuðla að því að sveitarfélög sinni vönduðum stjórnsýsluháttum með því að benda þeim á skyldur sínar og gæta þess að félagsfólk njóti réttlátrar og sanngjarnar málsmeðferðar.

Líkt og fyrri ár hefur miðstöðin aðstoðað félagsfólk sitt á margvíslegan hátt á liðnu starfsári. Má þar meðal annars nefna aðstoð við að sækja tiltekin réttindi eða láta reyna á ákvarðanir sveitarfélaga með málskotum, bæði innan sveitarfélaganna sjálfra og svo með málskotum til æðri stjórnvalda. NPA miðstöðin mun áfram vera öflugur bakhjarl síns félagsfólks þegar kemur að réttindamálum þeirra og hagsmunum tengdum NPA þjónustunni. Félagsfólk getur treyst því að miðstöðin stendur ávallt með félagsfólki sínu þegar á reynir, t.d. þegar réttur þess til þjónustu er brotinn eða þegar stjórnvald fer ekki að reglum þegar það tekur ákvarðanir um réttindi þeirra.

Allt fatlað fólk nýtur góðs af þessari hagsmunagæslu, enda veitir þessi þáttur starfsemi NPA miðstöðvarinnar sveitarfélögum og stjórnvöldum almennt mikilvægt aðhald.

Meðal kærumála sem NPA miðstöðin hefur

rekið fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála með félagsfólki sínu má nefna mál sem varðar ákvörðun sveitarfélags um að takmarka tíma í NPA samningi barns vegna umönnunar og forsjárskyldna foreldra og mál sem varðaði viðbótarframlag til NPA samnings vegna skammtímaveikinda. Í fyrra tilvikinu vannst sigur og fallist á það með kæranda að sveitarfélaginu hafi verið óheimilt að takmarka tíma í NPA samningi á grundvelli umönnunar og forsjárskyldna foreldra. Í seinna tilvikinu var ekki fallist á það með kæranda að sveitarfélagi hafi verið óheimilt að hafna beiðni hans um viðbótarframlag til NPA samnings hans vegna uppsafnaðra skammtímaveikinda hjá aðstoðarfólki. NPA miðstöðin mun í framhaldi af þessum síðari úrskurði beita sér fyrir því að framlög vegna skammtímaveikinda hjá aðstoðarfólki verði hluti af heildarframlagi til NPA, enda leiði veikinda aðstoðarfólks annars til þjónustuskerðingar hjá NPA verkstjórnendum.

Í febrúar og mars beindi NPA miðstöðin einnig erindum til Persónuverndar og Umboðsmanns Alþingis vegna kröfu Reykjavíkurborgar um upplýsingar og gögn í tengslum við uppgjör borgarinnar á starfsmannakostnaði (5%). Málið má rekja til bréfs sem NPA miðstöðinni og verkstjórnendum í Reykjavík barst í desember 2024 sem fól í sér kröfu um upplýsingar og gögn um ráðstöfðun á framlagi til starfsmannakostnaðar. Að sögn borgarinnar væri um að ræða nýjar kröfur sem gerðar væru til umsýsluaðila og verkstjórnenda í borginni og farið væri fram

á kvittanir og/eða bankayfirlit yfir ráðstöfðun starfsmannakostnaðarins. Á félagsfundi sem haldinn var vegna málsins í janúar 2025 var félagsfólk sammála um að beina erindi til Persónuverndar, enda væru upplýsingar um starfsmannakostnaðinn þess eðlis að með þeim væri hægt að rekja ferðir verkstjórnenda, lífsvenjur og jafnvel þátttöku í trúarstarfi, pólitísku starfi eða öðrum félagsstörfum. Erindi til Persónuverndar var komið á framfæri í febrúar 2025 og má búast við að stofnunin afgreiði málið á næstu mánuðum.

Með erindi til umboðsmanns Alþingis kvartaði NPA miðstöðin svo yfir framgöngu Reykjavíkurborgar í málinu og slæmum stjórnsýsluháttum. Að mati NPA miðstöðvarinnar fólu kröfur borgarinnar í sér breytingu á stjórnsýsluframkvæmd sem er afturvirk og hefur ekki verið kynnt með neinum hætti, hvorki til umsýsluaðila né verkstjórnenda. Óskaði NPA miðstöðin eftir því að umboðsmaður tæki málið upp og beindi álit til Reykjavíkurborgar.

UMSAGNIR UM LAGAFRUMVÖRÐ

NPA miðstöðin ritaði fjórar umsagnir á liðnu starfsári.

- Umsögn um reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Umsögn um áform um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Umsögn um frumvarp til fjárlaga ársins 2025.
- Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Umsögn um reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Í október 2024 beindi NPA miðstöðin umsögn í gegnum samráðsgátt til innviðaráðherra vegna draga að nýrri reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Í umsögninni er vakin athygli á því að fyrir liggi fullbúin drög að nýrri reglugerð sem unnin hafi verið án allrar aðkomu fatlaðs fólks að ferlinu. Fatlað fólk hafi því ekki haft raunverulega aðkomu að vinnslu reglugerðarinnar, en samningur Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir því að fötluðu fólk

sé tryggð virk þátttaka á öllum stigum við þróun og mótnun nýrra laga og reglna, sem og stefnumótunar, sem þýðingu hafa um hagsmuni fatlaðs fólks. Því var lagt til í umsögninni að eðlilegt væri að leggja drögin til hliðar og hefja vinnuna að nýju með fullri þátttöku fatlaðs fólks frá upphafi.

Á það er bent að með reglugerðinni sé verið að móta til framtíðar fyrirkomulag um fjármögnun NPA samninga sem taka eigi við að af því fyrirkomulagi sem skyldi falla úr gildi um áramótin 2024/2025. Reglugerðin þarf að tryggja skilvirka fjármögnun NPA samninga, sé ætlunin að halda áfram samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun NPA. Þá þurfi einnig að tryggja að þau matstæki sem notast skuli við þegar kemur að því að meta þörf fatlaðs fólks fyrir þjónustu, verði ekki til þess að tafir verði á því að þjónusta geti hafist.

Þá var í umsögninni lögð sérstök áhersla á að framlög til NPA þyrftu að gera ráð fyrir veikindum aðstoðarfólks í NPA. Núverandi fyrirkomulag gerir NPA verkstjórnendum kleift að sækja um viðbótarframlög til jöfnunarsjóðs vegna langtímaveikinda, en ekki hefur verið gert ráð fyrir skammtímaveikindum, þ.e. veikindum sem vara skemur en mánuð. Þetta hefur valdið því að verkstjórnendur þurfa að skera niður í þjónustu við sig til að mæta tilfallandi veikindum. Í reglugerðardrögunum er ekki gert ráð fyrir neinum viðbótarframlögum vegna veikinda aðstoðarfólks, hvorki vegna langtímaveikinda eða skammtímaveikinda, en slíkt er að mati NPA miðstöðvarinnar með öllu óviðunandi. Í umsögn NPA miðstöðvarinnar er lagt til að ákvæði um úthlutun fjármagns vegna veikinda aðstoðarfólks verði endurskoðað og útvíkkað, þannig að það taki bæði til langtímaveikinda og skammtímaveikinda, í stað þess að það sé lagt niður.

Reglugerðardrögin voru unnin í tíð eldri ríkisstjórnar og óvissa er um framhald málsins á þessu stigi.

Umsögn um áform um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

NPA miðstöðin beindi í október 2024, umsögn í gegnum samráðsgátt vegna áforma félags- og vinnumarkaðsráðherra um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi

fatlaðs fólks. Ekki var um frumvarp til laga að ræða, heldur eingöngu áform um lögfestingu. NPA miðstöðin studdi eindregið áfromin og lagði fram tiltekin sjónarmið og áherslur. Áformin náðu ekki fram að ganga þar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn féll og þingi var slitið.

Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025

NPA miðstöðin hefur á liðnum árum skrifað umsögn um frumvarp fjármálaráðherra til fjárlaga, en umsagnir miðstöðvarinnar hafa jafnan skilað góðum árangri. Í október 2024 beindi NPA miðstöðin umsögn í samráðsgátt vegna fjárlaga ársins 2025. Í ítarlegri umsögn er rakið hvernig fjármögnun NPA samninga hefur verið vanáætluð og hvernig innleiðingin hafi verið illa undirbúin. Nú liggi fyrir að það fyrirkomulag um fjármögnun NPA samninga sem í gildi hafi verið frá upphafi innleiðingarinnar, falli úr gildi áramótin 2024/2025 og benti NPA miðstöðin á að alger óvissa væri um hvaða fyrirkomulag tæki við.

Í umsögninni var bent á að fjöldi NPA samninga ætti að vera 172 í lok árs 2024, skv. innleiðingaráætlun laga nr. 38/2018. Samkvæmt útreikningum NPA miðstöðvarinnar þarf framlag ríkisins að vera a.m.k. 12,19 milljónir króna á hvern NPA samning árið 2025 eða samtals 2.097 milljónir til að fjármagna 172 samninga á árinu 2025. Þá er á það bent að takmörkun á fjölda fólks sem fær NPA, þ.e. 172 samningar, á sér enga lagastoð og hefur því ekki þýðingu þegar kemur að rétti fólks til þjónustunnar og að mikilvægt sé að öllum sé það ljóst. Þá verði að taka á biðlistum fatlaðs fólks eftir þjónustunni og treysta í sessi fyrirkomulag um fjármögnun og málsmeðferð á úthlutun NPA samninga.

NPA miðstöðin gerði nánar grein fyrir umsögninni á fundi með fjárlaganefnd þingsins og fékk loforð um að ríkissjóður myndi fjármagna að fullu gerð 172 NPA samninga á árinu 2025, í samræmi við það sem fram kemur í umsögninni.

Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

NPA miðstöðin var einn þeirra aðila sem sérstaklega var óskað eftir að veitti umsögn um

frumvarp nýs félags- og húsnæðismálaráðherra til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Umsögninni var skilað í apríl 2025.

NPA miðstöðin styður að sjálfsögðu lögfestingu samningsins og fagnar því að frumvarp þess efnis sé loks lagt fram. Að mati NPA miðstöðvarinnar er lögfestingin mikilvægt skref í þá átt að tryggja að réttindi fatlaðs fólks séu virt og vernduð á Íslandi. Lögfesting er grundvöllur þess að fatlað fólk geti notið jafnréttis, frelsis og valdeflingar í samræmi við mannréttindasjónarmið. Í umsögninni er farið yfir mikilvægi lögfestingarinnar fyrir fatlað fólk í þessu ljósi og samfélagsleg áhrif hennar. Fjallað er um að samningurinn sé ekki aðeins fyrir fatlað fólk, heldur hafi hann áhrif á alla innviði samfélagsins, frá menntakerfinu til atvinnulífsins, aðgengis að upplýsingum og stjórnmalabáttöku og að hann hvetji til inngildingar og virkrar þátttöku allra þegna samfélagsins.

Í umsögninni kemur fram að lögfestingin styðji við hugmyndafræðina um sjálfstætt líf og NPA. Rakið er hvernig kannanir hafi ítrekað sýnt fram á jákvæð áhrif NPA á liðan og aukna samfélagslega þátttöku fatlaðs fólks sem er með NPA, borið saman við fatlað fólk í samanburðarhópi sem hafa annars konar þjónustu.

Í umsögninni er ennfremur rakið hvernig stjórnvöld þurfi að tryggja samræmi í framkvæmd og innleiðingu samningsins í íslensk lög svo markmið hans nái fram að ganga, þá sérstaklega hjá sveitarfélögum. Þau gegni lykilhlutverki í því ferli og ríkið þurfi að tryggja að þau hafi nægan stuðning til þess að geta sinnt þeim skyldum sem innleiðing samningsins myndi leggja þeim á herðar.

Þá er í umsögninni ítrekað að lögfesta þurfi valfrjálstu bókunina við samninginn sem kveður á um rétt fatlaðs fólks til þess að sækja réttindi sín vegna brota á samningnum með málskoti til sérstakrar nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna.

NPA miðstöðin var boðuð á fund með velferðarnefnd þingsins í kjölfar umsagnarinnar og gerði þá betur grein fyrir umsögninni. Miðstöðin vonast til þess að gengið verði frá lögfestingunni hratt og örugglega.

ÖNNUR HAGSMUNAGÆSLA

Önnur verkefni tengd hagsmunabaráttu og/eða ráðgjöf við uppbyggingu NPA á Íslandi sem NPA miðstöðin hefur haft aðkomu að eru t.d. eftirfarandi:

- Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur verið skipaður og situr í framtíðarhóp um nýsköpun og þjónustu við fatlað fólk.
- Formaður situr í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem er samráðsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.
- Gjaldkeri er fulltrúi í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar.
- Þátttaka í samráðsstarfi um lagasetningar og reglugerðir.
- Mæting fyrir velferðarnefnd Alþingis og samtöl við þingmenn.
- Aðstoða fólk við að sækja mál fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.



FJÖLDI NPA SAMNINGA ENN UNDIR MARKMIÐI OG VILJA LÖGGJAFANS

NPA miðstöðin hefur ítrekað vakið athygli á þeirri staðreynd að vilji löggjafans hefur ekki náð fram að ganga hvað varðar fjölgun NPA samninga. Eins og áður hefur verið rakið átti að fjölga NPA samningum í skrefum þar til 172 NPA samningum yrði náð á innleiðingartímabili NPA og myndi ríkið tryggja mótframlag fyrir þeim fjölda NPA samninga.

Eftir hæga fjölgun samninga fyrir lögfestinguna árið 2018 fjölgaði samningum nokkuð eftir lögfestingu laga nr. 38/2018 og voru NPA samningar á landinu öllu orðnir 87 talsins undir lok árs 2019. Í lögunum var gert ráð fyrir því að fjöldi NPA samninga yrði orðinn 172 talsins á landsvísi árið 2022. Í raun urðu NPA samningarnir eingöngu 89 í lok þess árs, þ.e. þeim fjölgaði um tvo á þremur árum.

Nýtt bráðabirgðaákvæði var sett í lög nr. 38/2018 í desember 2022 og í því var kveðið á um að NPA samningar skyldu vera orðnir um 172 talsins í lok árs 2024. Einhver fjölgun NPA samninga tók þá við í kjölfarið.

INNLEIÐINGARFERLI NPA LOKIÐ

Um áramótin 2024/20025 lauk formlegu innleiðingarferli NPA, en þá rann út framangreint bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 sem kveður á um samstarf milli ríkis og sveitarfélga um fjármögnun og fjölgun NPA samninga. Líkt og áður segir kvað ákvæðið á um að fjöldi NPA samninga skyldi vera 172 í árslok 2024, en eins og NPA miðstöðin hefur ítrekað bent á hefur þeim fjölda ekki verið náð. Fjöldi NPA samninga í árslok 2024 voru þannig ein-

göngu 123 talsins eða 49 samningum færri en kveðið var á um í lögum.

MÓTFRAMLAG VEGNA 172 NPA SAMNINGA LIGGUR FYRIR HJÁ JÖFNUNARSJÓÐI Á ÁRINU 2025


Ríkissjóður hefur skuldbundið sig og gefið út að mótframlagi verði veitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til 172 samninga á árinu 2025. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að sveitarfélög geri a.m.k. 172 NPA samninga á árinu 2025 og að þeim fjölda NPA samninga verði þá loksins náð. Mikilvægt er þó að hafa í huga að sá fjöldi samninga, þ.e. 172, hefur enga þýðingu gagnvart þeim sem sækja um þjónustu. Réttur fatlaðs fólks til NPA er ekki bundinn því skilyrði að sveitarfélög fái mótframlag frá ríkinu, hvorki nú né áður. Hins vegar hafa sveitarfélög ítrekað bent á að þau þurfi meiri stuðning frá ríkinu til þess að geta veitt fleira fólki NPA og enn sem komið er hefur framtíðarskipan á samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga varðandi fjármögnun þessarar þjónustu ekki verið komið á.

SKÝRARI REGLUR OG RAMMI NAUÐSYNLEGAR

Að mati NPA miðstöðvarinnar er brýnt að stjórnvöld útfæri reglur um NPA biðlista og fjármögnun þjónustunnar til frambúðar. Nauðsynlegt er að tryggja fyrirsjáanleika og gegnsæi í framkvæmd þjónustunnar á öllum stigum, alveg frá umsókn um þjónustu, mati á þjónustubörf, samstarfi ólíkra þjónustuaðila og þjónustukerfa og svo útfærslu og fjármögnun.

FJÖLDI NPA SAMNINGA LENGI VERIÐ Í ÓSAMRÆMI VIÐ LÖG

Fjöldi NPA samninga, 2012-2024 og áætlanir um fjölda



Tölur eru fengnar úr ársskýrslum Jöfnunarsjóðs, úr veffréttum stjórnarráðsins og úr lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, bráðabirgðaákvæði laga frá 2022.

Grafík: NPA miðstöðin/Silja





KJARAMÁL

Aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar eru félagar í Eflingu eða aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins og ræðst félagsaðild af því hvar viðeigandi verkstjórnandi býr. NPA aðstoðarfólk hlýtir kjarasamningum milli Eflingar og Starfsgreinasambandsins og NPA miðstöðvarinnar fyrir NPA aðstoðarfólk.

NPA miðstöðin hefur frá árinu 2013 gert kjarasamning við Eflingu og tiltekin stéttarfélög innan Starfsgreinasambandsins um störf NPA aðstoðarfólks. Á árinu 2022 var útfærður nýr kjarasamningur fyrir NPA aðstoðarfólk þar sem innleiddar voru nokkrar breytingar á kjarumhverfi NPA aðstoðarfólks, t.a.m. stytting vinnuvikunnar, breyting á álagsþrepum ásamt því sem skerpt var á tilteknum álitamálum sem varða skipulag á vöktum og hvíldarvöktum. Sá samningur hafði hins vegar stuttan gildistíma og rann út 1. febrúar 2024 líkt og aðrir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði.

KJARAVIÐRÆÐUR OG NÝR KJARASAMNINGUR 2024

Mikill vilji hefur verið fyrir því hjá NPA miðstöðinni að uppfæra kjarasamning NPA aðstoðarfólks þannig að hann endurspegli betur sérstöðu starfs og starfsumhverfis þess í NPA. Ýmis mál hafa komið upp á undanförunum árum í NPA sem reyna á óhefðbundin álitamál í vinnurétti, auk þess sem NPA miðstöðin sjálf er einnig óhefðbundinn vinnuveitandi í formlegum skilningi. Að mati NPA miðstöðvarinnar er mikilvægt að reyna að nálgast stærstu

álitamálin með því að gera kjarasamninginn skýrari, tryggja sjálfstæði hvers verkstórnanda og um leið gefa aðstoðarfólki meiri sveigjanleika í því að geta unnið hjá fleiri en einum verkstjórnanda hjá NPA miðstöðinni. Þá hefur mörgum verkstjórnendum þótt erfitt að skilja og fara eftir gildandi kjarasamningum, en í dag gilda í raun þrír kjarasamningar um störf NPA aðstoðarfólks; sérkjarasamningur um störf NPA aðstoðarfólks, sérkjarasamningur um hvíldarvaktir og svo aðalkjarasamningur Eflingar eða Starfsgreinasambandsins, eftir atvikum, við Samtök atvinnulífsins. Markmið NPA miðstöðvarinnar hefur verið að sameina þessa kjarasamninga í einn heildarkjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk.

Þar sem samningar voru lausir í febrúar 2024 hófust kjaraviðræður á ný og stóðu þær yfir í apríl og maí 2024. Viðsemjendur komu sér strax saman um að leggja áherslu á samkomulag um nýja launatöflu og breytingar á orlofi í nýjum kjarasamningi en að viðræður myndu svo hefjast aftur í upphafi árs 2025 þar sem lagst yrði í nákvæmari endurskoðun á kjarasamningum NPA aðstoðarfólks með framangreind markmið í huga.

Nýr kjarasamningur NPA miðstöðvarinnar við Eflingu og Starfsgreinasambandið var undirritaður 3. maí 2024 og gildi hann afturvirkir frá 1. febrúar 2024. NPA aðstoðarfólk hjá miðstöðinni fékk síðan greitt samkvæmt nýjum kjarasamningi þann 31. maí og fengu síðan afturvirku launahækkanirnar frá 1. febrúar greiddar í lok ágúst, þegar meirihluti

sveitarfélaga hafði hækkað sína taxta í samræmi við nýjan kjarasamning. Launaflokkur aðstoðarfólks, öll þrep, hækkuðu um 5,9%, eins og í launatöflu í aðalkjarasamningi Eflingar, SGS og SA, sem miðað var við. Auk launahækkana var helsta breytingin í nýjum kjarasamningi sú, að aðstoðarfólk fær fleiri orlofsdaga en áður. Sú breyting tók ekki gildi fyrir frítöku sumarsins 2024 heldur fyrir árið 2025. Aðstoðarfólk byrjaði hins vegar strax að vinna sér inn þessi auknu réttindi fyrir næsta ár, þ.e. frá og með 1. maí 2024.

VIÐRÆÐUR UM ENDURSKOÐUN KJARASAMNINGS AÐSTOÐARFÓLKS

Í samræmi við skuldbindingu stéttarfélaganna NPA aðstoðarfólks og NPA miðstöðvarinnar um að hefja viðræður um nýjan heildarkjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk, var boðað til fundar í upphafi árs 2025 og hófust þá formlega viðræður og vinna við gerð nýs kjarasamnings. Leiðarljós þeirrar vinnu er, líkt og fyrr segir, að sameina gildandi kjarasamninga um störf NPA aðstoðarfólks í einn heildarsamning.

NPA miðstöðin hefur ennfremur lagt eftirfarandi áherslur í kjaraviðræðunum:

- Texti og uppbygging kjarasamningsins verði skýrari og aðgengilegri.

- Hlutverk verkstjórnanda verði að vera skilgreint í kjarasamningi.
- Tryggja þurfi sjálfstæði NPA notanda sem sjálfstæðs vinnustaðar sem tengist ekki öðrum vinnustöðum eða verkstjórnendum.
- Skerpa þurfi á viðmiðum um matarpeninga eða matarpásur á meðan á vakt stendur.
- Fjalla þarf um hvað teljist til ferðalaga og hvenær viðeigandi sé að greiða dagpeninga og ferðakostnað vegna þeirra.

Á fyrstu mánuðum ársins hefur samninganefnd NPA miðstöðvarinnar fundað þrisvar sinnum með fulltrúum bæði Eflingar og aðildarfélaganna Starfsgreinasambandsins. Aðilar eru sammála um að sameina gildandi samninga í einn heildarkjarasamning en ekki er enn samstaða um önnur atriði eða þörf fyrir breytingum á gildandi kjaraumhverfi. Sú afstaða stéttarfélaganna hafa verið ákveðin vonbriði en NPA miðstöðin mun áfram nálgast viðræðurnar með það að markmiði að ná fram þessum mikilvægu umbótum, bæði fyrir verkstjórnendur og ekki síður NPA aðstoðarfólk.

Næstu fundir eru á dagskrá í júní en vonir standa til að viðræðunum verði lokið fyrir árslok 2025.



LITIÐ TIL FRAMTÍÐAR

VÖXTUR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

NPA miðstöðin hefur stækkað ört á undan- gengnum árum. Um mitt ár 2018 voru tvö starfandi á skrifstofu miðstöðvarinnar og hvorugt þeirra í fullu starfi. Í dag, tæplega sjö árum síðar, eru 18 starfandi á skrifstofunni, auk þriggja einstaklinga sem starfa að tilteknum verkefnum.

Á sama tíma hefur fjöldi félagsfólks farið úr 17 árið 2018, upp í 68 í dag, sem þýðir að félagsfjöldinn hefur fjórfaldast á 7 árum. Slíkur vöxtur hefur kallað á mikila aðlögun, ný úrræði, verkferla, forrit, kerfi, þjálfun og nýja þjónustubætti. NPA miðstöðin er hverju sinni, ævinlega með verkefni í vinnslu sem miða að því að bæta þjónustu miðstöðvarinnar við félagsfólk sitt og efla verkstjórnendur í sínu hlutverki.

JAFNVÆGI Í STARFSEMINNI

Í dag má segja að betra jafnvægi hafi náðst í starfsemi NPA miðstöðvarinnar eftir nokkur ár af örum vexti sem kallaði á hröð viðbrögð varðandi verkferla, mannaráðningar, starfsþjálfun, kerfisnotkun og margt fleira, auk þess sem verkefni vegna Covid á árum heimsfaraldurs tóku mannafla á skrifstofunni frá öðrum brýnum verkefnum. Eins og staðan er í dag, kemur jafnvægið m.a. til af því að nægt starfsfólk er starfandi á skrifstofunni miðað við fjölda félagsfólks og náðst hefur að byggja upp þekkingarauð og reynslu á meðal starfsfólks. Einnig er innleiðing Odoo kerfisins komin vel á veg sem hefur nú þegar einfaldað tiltekna verkferla og mun gera það enn frekar að innleiðingu

lokinni. Jafnframt eru ýmsir þjónustubættir komnir í fastan farveg eins og t.d. reglulegir upplýsingapóstar til félagsfólks og ýmislegt fleira sem snýr að þjónustu við félagsfólk. Fyrir vikið standa vonir til að skapast muni aukið svigrúm til að klára verkefni sem hefur þurft að slá á frest og mögulega einnig snúa sér að verkefnum sem lengi hefur staðið hugur til að koma í verk. Má þar t.d. nefna gerð fræðslumyndbanda og frekari þróun á fræðsluefni, efnisleg uppbygging vefsíðu, markaðsmál og kynningarátök eða vitundarvakning um NPA.

NPA miðstöðin er í dag betur í stakk búin en nokkru sinni fyrr til að veita félagsfólki og aðstoðarfólki miðstöðvarinnar góða þjónustu og jafnframt til að bjóða nýtt félagsfólk velkomið til miðstöðvarinnar.

STARFIÐ FRAMUNDAN

Nú sem endranær verður að sjálfsögðu nóg að gera hjá stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar.

Eftirfarandi það helsta sem stefnt er að því að vinna að á nýju starfsári eða á næstu árum, auk þess sem sum neðangreindra verkefna kalla á reglulega endurskoðun:

- Halda upp á 15 ára afmæli NPA miðstöðvarinnar í júní næstkomandi en NPA miðstöðin var stofnuð þann 16. júní 2010.
- Áframhaldandi innleiðing Odoo kerfisins á skrifstofu og samhliða því, frekari þróun verkferla hjá öllu starfsfólki skrifstofunnar.

- Áframhaldandi þróun þjónustulíkans NPA ráðgjafa og uppbygging frekari þjónustubátta.
- Áframhaldandi þróun sjálfvirkra ferla í bókhaldinu, samhliða innleiðingu Odoo, til þess að auka skilvirkni og áreiðanleika við vinnslu upplýsinga og flýta vinnslu.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging fræðslustarfs og annars viðburðahalda á vegum NPA miðstöðvarinnar, auk útgáfu á nýju kennsluefni t.d. á myndbandsformi
- Áfram verður unnið að textaskrifum fyrir vef miðstöðvarinnar í þeim tilgangi að auka upplýsingagildi vefsins.
- Áframhaldandi kynningar- og markaðsstarf, t.d. með kynningarstarfi á samfélagsmiðlum, greinaskrifum og viðtölum í fjölmiðlum o.fl.
- Handbók verkstjórnenda er reglulega í endurskoðun.
- Áframhaldandi þátttaka í verkefnum tengt þátttöku í NCCPA og umsjón Norður-landafundarins á Íslandi í maí 2026.
- Áframhaldandi hagsmunagæsla fyrir fatlað fólk og fyrir rétti þess til sjálfstæðs lífs, gagnvart ríki og sveitarfélögum.

- Áframhaldandi aðhald gagnvart yfirvöldum, t.d. skrif umsagna við þingsályktunartillögum og frumvörpum.
- Áfram verður haldið við að innrétta skrifstofu NPA miðstöðvarinnar í áföngum eftir því sem þörf þykir.

Um nokkurt skeið hefur til staðið að koma neðangreindum verkefnum í vinnslu. Vonandi vinnst einnig svigrúm til þess á nýju starfsári.

- Frekari umbætur og uppbygging vefsíðu NPA miðstöðvarinnar, aðallega efnislega en líka útlitslega.
- Halda áfram vinnu við skrif á handbók aðstoðarfólks sem er yfirgripsmikil vinna.
- Þýða siðasáttmála og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, yfir á ensku.

NPA miðstöðin er enn þá ungt félag í mótun og lítur björtum augum til framtíðar og frekari uppbyggingar miðstöðvarinnar og mun halda áfram að bæta þjónustu miðstöðvarinnar sem umsýsluaðili fólks með NPA og sem hagsmunaafli fatlaðs fólks.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og fjölmörgum samstarfsaðilum ríkis, sveitarfélaga, stéttarfélaga, annarra hagsmunaaðila og einstaklinga fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.

